



Bilakirkjugarður Riflega fjögur þúsund bílum hefur verið fargað það sem af er ári. Það er fjölgun frá hruni. Sjá síðu 4 Fréttablaðið/Anton

Hagkerfið hitnar hratt

EFNAHAGSMÁL Vísbendingar eru um að ofhitnun hagkerfisins geti verið í kortunum.

Hagvöxtur var 5,2 prósent á fyrri hluta ársins samkvæmt Hagstofu Íslands og hefur ekki verið meiri frá árinu 2007. Vöxturinn er töluvert meiri en greiningaraðilar hafa spáð. Um 250 milljarða fjárfesting er áætluð í fjórum stóridjuverkefnum fram til ársins 2018.

Búist er við frekari vexti í ferðaþjónustunni. Ferðamönnum hefur fjölgað um tæplega 24 prósent það sem af er þessu ári. Talið er að fjöldi ferðamanna gæti farið allt upp í eina og hálfja milljón á næsta ári.

Atvinnuleysið er undir þremur prósentum og Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir líkur á að þúsundir flytji til Íslands næstu árin til þess að vinna.

- ih / sjá Markaðinn

Lengra fæðingarorlof grefur undan konum


Rúmur fimmtungur karla sleppir nú fæðingarorlofi. Samfelld þróun frá hruni.

SAMFÉLAG Enn fækkar feðrum sem fara í fæðingarorlof. Tæp 80 prósent feðra barna fæddra árið 2014 hafa tekið fæðingarorlof. Þróunin hefur verið samfelld frá 2008.

„Við viljum hafa þetta sem jafnast og þegar best lét tóku yfir 90 prósent feðra orlof. Nú eru tímarnir breyttir,“ segir Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs. „Við erum komin talsvert niður frá hruni. Um leið og farið var að grípa til laga-breytinga og lækka greiðslur þá gerist þetta, skýr tenging er þar á milli.“

Leó Örn segir mikilvæga að hækka hámarksgreiðslurnar en að lengja orlofið. Nú sé svo komið að feður nýti ekki sína þrjá mánuði og því einsýnt að lenging fæðingarorlofs skili sér ekki. „Ef feður nýta ekki mánuðina sína í núverandi ástandi eru þeir ekki að fara að nýta fleiri mánuði í lengdu fæðingarorlofi. Þá fer maður að horfa á hvaða áhrif það kann að hafa á stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum. Slæmt yrði ef mæður tækju allt sitt fæðingarorlof en feður yrðu enn þá meiri eftirbátar.“ - sa

Hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof



Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN

Nýr tölvuleikur í undirbúningi

Nýr íslenskur leikur mun snúast um seinni heimsstyrjöld.



SKODUN Hildur Sverrisdóttir segir klúður í borginni. **10-11**

SPORT Margrét Lára fagnaði sigri en ekki marki í 100. leiknum. **14**

TÍMAMÓT Bergþór og Olivier giftu sig í Landakirkju. **16**

LÍFIÐ Seldi Sigurjóni Sighvats kvikmyndahandrit. **24-26**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




NÝJUNG!

SVONA BRÝTUR ÞÚ BINDIÐ SAMAN SVO LÍTIÐ FARI FYRIR



Veður



Austlæg átt og fremur hægur vindur. Skýjað að mestu og skúrir á við og dreif um landið sunnanvert, en ætti að birta nokkuð upp seint í dag, einkum suðvestan til. Um landið norðanvert er útlit fyrir ágætis veður, víða sólar-glennur og yfirleitt þurr. Hiti 7 til 13 stig að deginum, hlýjast NA-til.

SJÁ SIÐU 18

Þúsundir koma í heimsókn í gestastofurnar

IDNADUR Gestakomur í nokkrar af helstu gestastofum íslenskra orku-fyrirtækja voru um 113.000 árið 2014. Þar af voru um 94.000 sem heimsóttu jarðhitasýninguna við Hellisheiðar-virkjun.

Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var af fræðimönnum við land- og ferðamálafræðideild Háskóla Íslands, en þar segir að hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hérlendis vekji athygli ferðamanna. Skýrslan ber nafnið Áhrif vindmylla í Búrfells-lundi á ferðaþjónustu og íbúa.

Um 12.500 heimsóttu gestastofur Landsvirkjunar við Búrfellsvirkjun og Kröfluvirkjun, tæplega 5.800 heimsóttu orkuverid á Reykjanesi og sýninguna Orkuverid Jörd og um 700 tóku þátt í skipulögðum göngu-ferðum um Reykjanes sem styrktar eru af Bláa lóninu, HS Orku og HS Veitum. – *shá*

Þrjár milljónir múslima leggast á bæn

SÁDI-ARABÍA Meira en tvær milljónir múslima hófu heimsókn sína til Mekka, helgustu borgar íslams, með víðeigandi helgisíðum í gær í pílgrímsförinni hajj sem hver múslimi á að fara einu sinni á ævinni, hafi hann tók á.

Hápunktur hajj er í dag og von á að allt að þrjár milljónir múslima komi saman við Arafatfjall til að leggjast á bæn. Spámaðurinn Múhamed flutti þar sína síðustu predikun fyrir um 1.400 árum og kallaði þá eftir jafnrétti og sameiningu meðal múslima.

Múslimar trú á því að með pílgrímsförinni fæti þeir í fótspor spámannanna Abrahams, Ísmaels og Múhameds. Förin hefst í Mekku áður en haldið er til tjaldborgarinnar Mina, þar sem yfir hundrað þúsund tjöld hafa verið reist til að hýsa pílgrímana. – *þea*

Lundapysju sleppt í Höfðavík í Eyjum



Kunnugir segja lundapysjutímann í hámarki í Eyjum og fleiri pysjur komnar nú en allt árið í fyrra. Foreldrar fara með börnum að sleppa pysjum sem finnast. Hér eru systkinin Leif Magnús, Elisabet Erna og litla Alexandra Árný ásamt móður sinni Agötu Árnadóttur með eina. Fréttablaðið/Oskar P. Friðriksson

Segist ekki hafa hundsáð barnanið

BANDARÍKIN Herföngi Bandaríkja-hers í Afganistan þvertók í gær fyrir að nokkurt sannleikskorn væri að finna í fréttum bandaríska dagblaðsins New York Times af meintri stefnu Bandaríkjahers er miði að því að hundsá nauðganir afganskra hermanna.

„Ég hef verið í Afganistan og er algjörlega fullviss um það að engin slík stefna er til og allra síst undir minni stjórn,“ segir í yfirlýsingu sem herfönginginn, John Campbell, sendi frá sér í gær.

New York Times sagði frá nokkrum nafnlausum landgönguliðum sem sögðust hafa orðið vitni að því er afganskir hermenn nauðgudu börnum. Þeir sögðust hafa fengið þau fyrir máli að hundsá verknaðinn og sagði einn að sér hefði verið vísað úr hernum fyrir að gripa inn í.

„Forseti Afganistans gerði mér það ljóst að ríkisstjórn Afganistans liður ekki misnotkun barna þeirra,“ segir Campbell. – *þea*

Barnungir gerendur og þolendur á fundum

Börn sem brjóta kynferðislega gegn öðrum börnum eiga oft erfitt með að átta sig á afleiðingum gjörða sinna fyrir en þau ræða ofbeldið við þolanda. Sáttafundir fara fram á forsendum þolanda. Ekki er hægt að setja reglur um niðurstöðuna.

OFBELDI Sáttafundir fara fram á milli barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og þeirra sem frömdu ofbeldið, ef þeir eru líka undir lögaldri. Þetta er gert sem hluti af meðferð beggja einstaklinga í kjölfar ofbeldisins.

Sálfræðimeðferð þolanda er í höndum Barnahúss en meðferð þeirra barna sem brjóta af sér er leidd af teymi sem stýrt er af Ólafi Erni Bragasyni sálfræðingi. Tugir mála koma inn á borð Barnahúss á hverju ári þar sem börn brjóta kynferðislega gegn öðrum börnum. „Ef við setjum þetta upp sem þolanda og geranda þá eru ýmsar spurningar sem sækja á þann sem verður fyrir brotinu. Af hverju gerðir þú þetta? Af hverju ég? Hvað varstu að hugsa? Ætlarðu að gera eitthvað svona aftur?“ segir Ólafur.

Hann segir börn sem brjóta af sér oft eiga erfitt með að gera sér grein fyrir afleiðingum brotsins. „Ef þolendur og gerendur eru að hittast eða umgangast, segjum að þeir séu í sama skóla eða fjölskyldu, þá eru þeir sem verða fyrir brotinu snillingar í að fela líðan sína fyrir fólki. Maður getur sett upp ákveðinn front þótt manni líði mjög illa. Þess vegna gengur oft mjög illa fyrir gerendur að átta sig á afleiðingum gjörða sinna.“

Ólafur segir að fundi bara fara fram á forsendum þolanda. „Þetta hefur gengið mjög vel. Starfsmaður Barnahúss er búinn að meta þetta og telur ekki skaðlegt fyrir barnið. Við undirbúum svo þessar almennu spurningar og líka ef það brennur eitthvað sérstakt á brotaþola. Þetta geta verið mjög erfiðir fundir. Hins vegar eru þeir til þess fallnir að fólki liður betur eftir á.“

Hann segir viljann þurfa að vera til staðar hjá öllum sem koma að málinu. Oft séu börnin í sömu fjöl-

skyldu og þá myndist pressa um að samskipti haldi áfram. „Það er ekki hægt að afsaka hegðunina. Við erum að reyna að læra af henni og sjá til þess að þetta gerist ekki aftur en jafnframt reyna að virða það að þarna eru sambönd fólks sem vill viðhalda þeim. En í sumum tilfellum er þetta bara ekki hægt.“

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir hluta þeirra sem leita aðstoðar hjá þar hafa mikla þörf til að mæta ofbeldismanni sínum og spyrja spurninga. Ákveðin friðþægning sé fölginn í því að mæta geranda sínum í þeim tilfellum sem hann viðurkenni brotið. „Spurning um fyrirgefningu er ein af þessum spurningum sem margir engjast með. Annaðhvort hefur fólk þörf

17%

Gerenda voru undir 18 ára aldri þegar ofbeldið átti sér stað

Skv. Ársskýrslu Stígamóta 2014

til að fyrirgefa eða getur ekki fyrirgefið og er með samviskubít yfir því. En það er ekkert eitt rétt í þessu. Þú þarft ekki að fyrirgefa frekar en þú vilt.“

„Það væri stórhættulegt að gefa einhverjar reglur út um hver niðurstaðan ætti að vera,“ segir Guðrún. snaeros@frettabladid.is


/// Samskipti þolanda við gerendur sína

Úr ársskýrslu Stígamóta 2013

/// Hvernig brást gerandi við?



/// Hafði þolandi rætt ofbeldið við geranda?



Hafa skal í huga að þeir sem leita til Stígamóta eru fullorðnir einstaklingar sem sumir hverjir hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi á fullorðinsárum, en aðrir þegar þeir voru börn, ýmist af hendi barna eða fullorðinna.

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu.

VERTU MEÐ Í VETUR!

Miðasala
568 8000 | borgarleikhus.is

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW X5

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



AKTU FRAMFÖRUM Á NÝJUM BMW X5.

NÝR BMW X5 30d DÍSil xDRIVE.

Þriðja kynslóðin af BMW X5 er sú glæsilegasta hingað til. Nýr X5 30d xDrive er með 258 hestafla 6 cyl. díslivél og 8 þrepa Steptronic sjálfskiptingu.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5.

BMW X5 30d xDrive. Verð frá 11.790.000 kr.: Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Bæjarstjórinn berst fyrir fleiri störfum í Bolungarvík

SAMFÉLAG „Við erum að bregðast við þeirri óánægju sem komið hefur fram og horfum einnig til þess að ákveðinn hópur viðskiptavina á erfitt um vik með að sækja þjónustu um lengri veg eða með öðrum leiðum en afgreiðslu á staðnum,“ segir Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri í Landsbankanum, um þá ákvörðun bankans að hverfa frá lokun útibúsins í Bolungarvík.

„Við getum ekki horft fram hjá því að sumir þurfa á meiri þjónustu að halda og teljum að þessar þarfir sé

hægt að leysa með þátttöku í þjónustumiðstöð á Bolungarvík,“ segir hann.

Bæjarráð Bolungarvíkur sendi frá sér aðgerðaáætlun á mánudag vegna fyrirhugaðrar sameiningar útibúa Landsbankans í Bolungarvík, á Suðureyri og Þingeyri við útibú bankans á Ísafirði.

Eliás Jónatansson bæjarstjóri fundaði með fulltrúum bankans á þriðjudag og í kjölfarið tók Landsbankinn ákvörðun um að gjaldkerapjónusta henti vel sem hluti



Við vitum að það hafa verið sett af stað ný verkefni á landsbyggðinni og við teljum að það sé komið að okkur.

Eliás Jónatansson
bæjarstjóri Bolungarvíkur

af framtíðarrekstri þjónustumiðstöðvar. Eliás segist í baráttu fyrir fleiri störfum í bæjarfélaginu, ríkið hafi staðið í hagræðingaraðgerðum sem hafi komið illa niður á bæjarfélaginu.

„Við vitum að það hafa verið sett af stað ný verkefni á landsbyggðinni og við teljum að það sé komið að okkur.“

Forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, er Bolvíkingur og Eliás segir hann hafa reynst vel í málinu. „Hann hefur staðið þétt við bakið á okkur og reynist okkur ávallt vel.“ – kbg



Bæjarstjóri Bolungarvíkur segir tíma bæjarfélagsins kominn eftir hagræðingu síðustu ára. Fréttablaðið/Pjetur

Spyr hvort ráðherra friðlýsi flugvöllinn

ALÞINGI Heiða Kristín Helgadóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, hefur lagt fram fyrirspurn til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um flugvallarstæðið í Vatnsmýri.

Heiða Kristín vill fá að vita hvort forsætisráðherra hyggist láta friða Vatnsmýrina eða byggingar á flugvallarsvæðinu eflög um menningarminjar ná fram að ganga á þessu þingi. Einnig spyr hún hvort ráðherra hyggist taka eignarnámi byggingar á flugvallarsvæðinu, eða flugvallarsvæðið í heild, nái breytingar á lögum, sem forsætisráðherra mælir fyrir, gangi eftir.



Heiða Kristín Helgadóttir, þingmaður BF



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra

Skriptar skoðanir eru á veru flugvallarins í Vatnsmýri og hefur Heiða Kristín verið ein þeirra sem vilja flugvöllinn burt. Forsætisráðherra hefur hins vegar verið á öðru máli.

Breytingar á lögum um menningarminjar eru í farvatninu hjá forsætisráðherra. Verði frumvarpið að lögum mun það veita ráðherra heimild til að taka lönd og mannvirki eignarnámi og réttindi til að ákveða friðlýsingu. Öllum er heimilt að senda inn athugasemdir til forsætisráðuneytisins um frumvarpsdrögin fyrir 1. október næstkomandi. – sa

Færri bílum fargað en fyrir hrún

Heimsmarkaðsverð á brotajárni hefur áhrif á afkomu íslenskra fyrirtækja. Aukin umhverfisvitund og skilagjald verður til þess að fleiri láta farga bílum sínum. Förgunin nú er sögð endurspeglar eðlega endurnýjun.

IDNAÐUR Bílum sem sendir eru til förgunar ár hvert hefur fjölgað. Fjöldinn féll við efnahagshrunið 2008 en er við það að ná jafnvægi að mati Guðlaugs Sverrissonar, rekstrarstjóra Úrvinnslusjóðs.

„Þegar best lét tókum við á móti 9.000 bílum. Við erum að nálgast það sem við reiknuðum með að við ættum að taka á móti á hverju ári. Þetta er eðlileg endurnýjunarþörf,“ segir Guðlaugur. Hann bendir á að lífaldur bíla hafi hækkað eftir hrún. Árið 2007 var meðalaldur bíla sem kom til förgunar 13,9 ár en stendur nú í 14,8 árum.

Hann segir skráningu á ökutækjum góða hér á landi. Þá spili inn í að bílar hverfi ekki svo glatt, enda ekki hægt að keyra yfir landamæri. „Það er talið að afskráðir bílar í Evrópu séu um sex milljónir árlega. Af þeim skila sér bara fjórar milljónir rétta boðleið. Tvær milljónir hverfa. Menn keyra þetta yfir til Austur-Evrópu, Rússlands eða suður til Miðjarðarhafsins og þaðan yfir til Afríku.“

Á Íslandi er 20 þúsund króna skilagjald á bifreið sem fer til förgunar. Svipað fyrirkomulag og á gosflöskum. „Við settum þetta skilagjald á til að standa undir því að þú lendir ekki í neinum kostnaði við að koma bílnum í förgum. Ef það gengur allt vel þá eyðir þú þessu bara í bjór og vitleysu,“ segir Guðlaugur.

Fura málmendurvinnsla er sú eina á landinu sem starfrækir járnætara af þeirri stærðargráðu sem þar er. Tætarinn kom hingað til lands árið 1990 og er fljótur að tæta í sig heilu bílflökin. Brotajárnið er svo selt í járnblendu til útlanda. Fura sendir frá sér 4.500 tonn í einu af járnarusli tvisvar til þrisvar sinnum á ári.


Úlfar Haraldsson, fjármálastjóri Furu, tekur eftir fækkuninni sem orðið hefur á bílum til förgunar. Aður fyrr hafi oft lítið verið að bílum sem komu til förgunar. „Menn keyrðu bara bílinn inn, búnir að fá nóg af honum.“

Hann segir að það falli þó alltaf eitthvað til. „Það er orðin meiri umhverfisvitund þannig að menn eru farnir að nýta hlutina betur og koma þeim í réttan



Bílarir biða eftir því að kló, sem þolir hátt í fimm tonn, taki þá og troði í tætarann. Fréttablaðið/Anton Brink

Fjöldi ökutækja sem skilað er til förgunar



14,8 ár

er meðalaldur ökutækja sem er fargað

farveg. Með förgun ertu að endurvinnna í stað þess að grafa í jörðina.“

Verð á brotajárni hefur hríðfallið síðustu misseri og það hefur áhrif á afkomu fyrirtækisins. Úlfar hefur samt ekki miklar áhyggjur af því. Fyrirtækið sé nógu stöndugt til að ráða við verðhrunið. „Þetta eru bara bylgjur. Nú er spurning hvort ég held í mér að senda út þar til verðið hækkar eitthvað aftur.“

snaeros@frettabladid.is

Harkalega tekist á í ráðhúsinu

STJÓRNMÁL Á aukafundi í borgarstjórn í gær í ráðhúsi Reykjavíkur var tekist á um skaða vegna samþykktar borgarráðs um sniðgöngu á ísraelskum vörum, hvort samþykktin hefði falið í sér lögbrot eða ekki og næstu skref.

Borgarfulltrúum var mörgum heitt í hamsi og þá var fjölmennt á áhorfendapöllum. Þar skiptist fólk í fylkingar og mátti sjá fólk með ísraelska fána og svo aðra með palestínska fána og spjöld þar sem minnt var á mannréttindi Palestínnumanna.

Fundurinn var haldinn að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina. Aðeins tvö mál voru á dagskrá fundarins; tvær samhljóða tillögur um að draga til baka samþykkt borgarstjórnar frá því í seinustu viku um að sniðganga ísraelskar vörur.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ítrekaði að ákvörðunin hafi ekki verið nægilega undirbúin en tók einnig fram að með því að draga tillöguna til baka sé ekki verið að senda þau skilaboð að Reykjavík standi ekki með mann-



Samþykkt var tillaga um að draga til baka samþykkt um sniðgöngu frá því í síðustu viku á aukafundi borgarstjórnar í gær. Fréttablaðið/Vilhelm

réttindum. „Heimurinn hættir ekki að snúast, við munum halda áfram að bera fram tillögur,“ sagði S. Björn Blönd-

dal, aðstoðarmaður borgarstjóra. Tillögurnar voru samþykktar með fimmtán atkvæðum. – kbg

Frá kr. **74.900** m/morgunmat

Prag

8. október í 4 nætur

Netverð á mann frá kr. 74.900 á Hotel Penta m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Nýtt og betra Vodafone Sjónvarp

Snarpara og einfaldara viðmót tengir þig við fjölbreytt úrval hágæða efnis.

Tryggðu þér áskrift að mögnuðu sjónvarpi með Vodafone PLAY

Vodafone
Við tengjum þig



THE
WHITE
QUEEN

Nýir og spennandi sjónvarpspakkar

Hægt er að kaupa áskrift beint í nýju sjónvarpsviðmóti Vodafone, á vodafone.is eða í síma 1414.

Vodafone
PLAY

S

2.490 kr./mán

6 ERLENDAR
STÖÐVAR

CIRKUS

Vodafone
PLAY

M

2.590 kr./mán *

15 ERLENDAR
STÖÐVAR

CIRKUS

Vodafone
PLAY

L

2.990 kr./mán *

*Á sérstöku kynningartilboði til 1. febrúar 2016.

Flóttafólkinu verður skipt milli ríkja ESB

Fjögur ESB-ríki voru andvíg samkomulagi um lausn flóttamannavandans. Taka á við 120 þúsund manns í viðbót. Ákvörðun tekin á fundi innanríkisráðherra ESB-rikkanna í gær. Leiðtogarnir hittast í Brussel í kvöld til að afgreiða samkomulagið formlega.

ÞÝSKALAND Aðildarríkjum Evrópusambandsins hefur gengið heldur illa að koma sér saman um flóttamannavóta, þar sem hvert ríki tæki við ákveðnum fjölda flóttamanna í samræmi við fjölsfjölda og efnahagsástand viðtökulandsins.

Á fundi innanríkisráðherra aðildarríkjanna í gær var samt tekin ákvörðun um að tekið verði við 120 þúsund flóttamönnum, til viðbótar við þá 40 þúsund sem áður var búið að semja um.

Ríkin í austanverðri álfunni hafa verið treg til að vera með í þessu, en reynt verður að leysa úr deilunni á óformlegum leiðtogafundi í Brussel í kvöld.

Harðasta andstaðan kemur frá Ungverjalandi, Tékklandi, Slóvakíu og Rúmeníu. Þessi ríki stóðu ekki að samkomulaginu sem tókst á fundi innanríkisráðherranna í gær.

Ekkert samkomulag hafði náðst á fundi fastafulltrúa aðildarríkjanna í gær, og utanríkisráðherrum austurveurpösku aðildarríkjanna tókst heldur ekki að finna neina lausn á sínum fundi á mánudaginn.

Til þess að liðka fyrir var ein hugmyndin sú að ríkin fái greiddar 6.000 evrur frá Evrópusambandinu fyrir hvern flóttamann, sem þau taka við. Þetta samsvarar um það bil 860 þúsund krónum. Þau ríki, sem neita að taka við flóttafólki samkvæmt kvótaskiptingunni, gætu á hinn bóginn þurft að greiða 6.500 evrur til Evrópusambandsins.

Þýskaland reiknar með að taka við 800 þúsund flóttamönnum á þessu ári og hugsanlega enn fleiri á næsta ári.

Efnahags- og framfarastofnunin,



Flóttafólk bíður skráningar í búðum í Makedóníu, rétt við landamæri Grikklands.

NordicPhotos/AFP

Þetta gengur ekkert án stuðnings frá Tyrklandi.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands

400

þúsund manns flúðu til Þýskalands vegna stríðsátaka í Bosníu og Kosovo um miðjan síðasta áratug 20. aldar

3 milljónir

manna fluttu til Þýskalands frá fyrrverandi austantjaldsríkjum á síðasta áratug 20. aldar

OECD, sendi frá sér skýrslu í gær þar sem minnt er á að Þjóðverjar hafi tekið við þremur milljónum manna frá fyrrverandi austantjaldsríkjum á síðasta áratug 20. aldarinnar, eftir að Berlinarmúrinn féll og þýsku ríkin tvö sameinuðust.

Þá hafi Þjóðverjar um sama leyti tekið við nærri 400 þúsund flóttamönnum frá Bosníu og Kosovo, þegar stríðsátökin þar stóðu sem hæst.

Árið 1992, þegar Bosníustríðið var að hefjast, flúðu 630 þúsund manns þaðan til annarra ríkja Evrópu, en á þessu ári hafa meira en 700 þúsund flóttamenn leitað hælis í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Flestir þeirra koma frá Sírylandi, yfir landamærin til Tyrklands og þaðan yfir hafði til Grikklands og svo áfram norður Balkanskaga.

„Þetta gengur ekkert án stuðnings frá Tyrklandi,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í gær, en hún hyggst nú hefja nánara samstarf við Tyrkland í málefnum flóttamanna.

gudsteinn@frettabladid.is

Páfi hélt til Bandaríkjanna frá Kúbu



Frans páfi hitti kúbverskar fjölskyldur í dómkirkju Maríu meyjar í Santiago de Cuba á austurhluta Kúbu undir lok opinberrar heimsóknar þangað í gær. Hann hélt svo í sína fyrstu heimsókn til Bandaríkjanna.

NordicPhotos/AFP

Hraða lagningu ljósleiðara í bænum í Garðabæ

GARÐABÆR Skipa á starfshóp til að fylgja eftir ljósleiðaravæðingu til heimila, fyrirtækja og stofnana í bænum í Garðabæ.

„Í dag er talið að um þriðjungur heimila geti tengst ljósleiðara og ekki eru áætlanir um að öll heimili geti tengst ljósleiðara fyrr en í fyrsta

lagi árið 2019, gangi allt eftir,“ segir í greinargerð sem lögð hefur verið fram í bæjarstjórn Garðabæjar.

Jafnframt kemur þar fram að frá árinu 2006 til ársins 2014 hafi atvinnu- og tæknipróunarnefnd bæjarfélagsins unnið að því verkefni að efla háhraðatengingar til heimila,

fyrirtækja og stofnana í Garðabæ, en „með litlum árangri“.

Þá segir að vegna þreifinga við eitt fyrirtæki varðandi ljósleiðaravæðingu í bænum sé talið nauðsynlegt að setja málið í fastan farveg. – gar

NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætta, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfjans. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring eða ef þú hefur ekki tekið að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmí. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu ihuga minni skammt í staðinn. Tyggjið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggjið aftur þegar bragðið dofna, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingabörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mátt með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykingafólk geti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leiðuðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjatræðingi ef þú getur ekki hætta að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þú tekst ekki að fækka fjölda reyktra sigarettanna eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekið að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðferðu þig við lækni eða lyfjatræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdöma, sjkursjúki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahættur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/öðla lífrastarfsemi, með magasár, geritennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlæðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ

Lyfjaauglýsing



MARGVERÐLAUNUÐ SKYACTIV SPARTÆKNI



MAZDA3 FRÁ 3.190.000 kr.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Mazda3 er sönnun þess að með því að hugsa öðruvísi og ögra því hefðbundna er hægt að setja ný viðmið. Með byltingarkenndu SkyActiv spartækniinni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórnar afli né viðbragði - enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er Mazda3 einstaklega glæsilegur á að líta en hann er hannaður í anda KODO hönnunarinnar sem er innblásin af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígursins.

Komdu og reynsluaktu Mazda3

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI
MAZDA
Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Takmörkun á orkuafhendingu frestað

Hlýindakaffli og rigningar hafa stórbætt vatnsbúskap í miðlunarlónum Landsvirkjunar og það aðeins á hálfum mánuði. Ekki kemur til skerðinga í afhendingu raforku 1. október eins og allt útlit var fyrir. Enn þarf að rigna mikið til að afstýra skerðingum síðar í vetur.

Svavar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

ORKUMÁL Forsendur í vatnsbúskap Landsvirkjunar eru gjörbreyttar í kjölfar hlýinda og rigninga á undanförunum tveimur vikum – sérstaklega á Austurlandi. Takmörkun á orkuafhendingu hefur verið frestað um einn mánuð. Þótt enn ríki óvissa um fyllingu miðlunarlóna hefur staðan snarbatnað.

Landsvirkjun sendi tilkynningu til viðskiptavina sinna 1. september síðastliðinn og um að vart yrði komist hjá skerðingu á orkuafhendingu frá næstu mánaðamótum að telja. Fylling í uppistöðulónum á þeim tímamarki var óvenjulega lítil. En í september hefur heildarfylling miðlana fyrirtækisins batnað verulega og stendur núna í rúmlega 85% – 5% meira en björtustu vonir stóðu til t.d. í Háslóni. Fyllingin var aðeins 69% í lok ágúst. Hefur hækkað í Háslóni um 12 metra í þessum mánuði og fyllingin farið úr 59% í 84%. Fylling Þórisvatns og Hágöngulóns hefur farið úr 83% í 89% og á sama tímabili úr 67% í 74% í Blöndulóni.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði í viðtali við Fréttablaðið þegar vika var liðin af september að eitthvað sérstakt þyrfti til að komast hjá skerðingum frá 1. október. Miðað við meðalhorfur um 80% fyllingu lóna 1. október og meðalrennslí í vetur og fram á næsta vor, mátti þá reikna með að orkusala

» Í byrjun mánaðarins taldi forstjóri Landsvirkjunar nær óhugsandi annað en að skerðingar á orku hæfust 1. október. Nú er staðan allt önnur.

Hörður Arnarson,
forstjóri
Landsvirkjunar



12 METRA hækkan hefur orðið í Háslóni í þessum mánuði og fyllingin farið úr 59% í 84%.

Landsvirkjunar gæti dregist saman um 3,5 prósent í vetur. Hún gæti orðið minni eða meiri en því ræður vetur konungur einn, sagði Hörður þá, eins og komið hefur í ljós.

Það er reyndar gríðarlegur munur á orkuvinnslunni tengdur þessum duttlungum náttúrunnar en hægt er að vinna allt að því 40 prósentum meira af orku í hárennslisári en lágrennslisári. Rétt er að taka fram að þessar sveiflur hafa lítil sem engin áhrif á aðra en stóriðjuna í landinu. Flestir á heildsölumarkaði raforku eru að kaupa forgangsrorku sem er ekki skerðanleg.



Í góðu vatnsári fyllist Háslón síðla sumars og affall lónins myndar þá hinn tignarlega foss Hverfanda. Mynd/Landsvirkjun

Skerðingar á orku innbyggðar í samninga

Stórnotendum raforku var tilkynnt í byrjun mánaðar að orka til þeirra yrði líklega skert þegar liða tæki á veturinn. Gert er ráð fyrir slíkrí skerðingu í ákvæðum um gagnkvæman sveigjan-

leika í samningum Landsvirkjunar og fyrirtækjanna. Stór hluti raforkusamninga Landsvirkjunar er því þannig upp byggður að heimild er til að minnka orkuframboð um allt að 10 prósent, og

hefur fyrirtækið nýtt sér þessa heimild einu sinni á undanförunum árum þegar orka var minnkuð um tvö prósent síðla vetrar og vor árið 2014. Þá komu skerðingar til vegna lélegs vatnsárs 2013.



Fyrir erfiðustu verkin

Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum dieselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Lítu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftþúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

Mögulegur valbúnaður

- Dráttarbeiðli 180.000. kr m/vsk

Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórásæti
- Fjarðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá **4.596.774 kr. án vsk**



Atvinnubílar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

8.900 m/vsk

Fullt verð 12.258



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

15.900 m/vsk

Fullt verð 22.663



7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 177.750 m/vsk



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykklar, skrúfjárn, töng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 31.263



TILBOÐ



8 SKÚFFUR

SÁ RISASTÓRI

360 verkfæri 286.435 m/vsk



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

26.900 m/vsk

Fullt verð 38.048



TOPP, OG BITASETT 41 STK

Skrall 1/4" - 36 tennur
Toppar 4 - 14 mm
Torxbitar
Sexkantsbitar og fl.

vnr IBTGCAI4101

5.900 m/vsk

Okkar besta verð



TOPPASETT 17 STK



3.900 m/vsk

BITASETT 31 STK



1.290 m/vsk

SNITTSETT 40 STK



7.900 m/vsk



NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík



3.900 m/vsk

16.900 m/vsk

8.900 m/vsk

SKOÐUN

Þak og stakkur



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Frá hrúni hefur það verið árleg frétt að færri feður taki fæðingarorlof en áður. Um fimmtungur feðra barna fæðdra árið 2014 ákváðu að taka ekki fæðingarorlof. „Um leið og farið var að grípa til lagabreytinga og lækka greiðslur þá gerist þetta, skýr tenging er þar á milli,“ segir Leó Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofs-sjóðs, í Fréttablaðinu í dag. Hann segir að þar sem feður nýti sér ekki mánuðina í núverandi ástandi séu þeir ekki að fara að nýta fleiri mánuði í lengdu fæðingarorlofi, því sé brýnt að hækka hámarksgræiðslur. Leó telur einnig slæmt ef mæður tækju áfram allt orlofið yrði það lengt, og yrðu þannig meiri eftirbátar á vinnumarkaði en nú. Ekki er gert ráð fyrir auknum fjárumum í fæðingarorlofsjóð í fjárlögum næsta árs en hann var í fyrra rekinn með halla og stefnir í að svo verði einnig í ár. Fæðingarorlof er töluvert styttra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Stöð 2 greindi frá því í síðustu viku að sumar fjöl-skyldur sæju sér ekki fært annað en að búa í foreldra-húsum vegna þeirrar tekjuskerðingar sem þær yrðu fyrir við að þiggja greiðslur úr fæðingarorlofsjóði, auk þess sem útilokað væri að báðir foreldrar tækju orlof. Þeim var bent á að fara frekar fram hjá kerfinu og skrá sig á atvinnuleysisbætur. Stöð 2 greindi einnig frá því að starfshópur sem rannsakað hefur framtíðarskipan fæðingarorlofskerfisins muni skila af sér skýrslu á næstunni og formaður hópsins sagði mikilvægara að hækka greiðsluþak en að lengja orlofstímann. Hann segir málið brýnt og vonar að tillögur til breytinga verði lagðar fram strax á þessu þingi.

Markmið fæðingarorlofslöggjafarinnar var að jafna stöðu kynjanna; gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og taka þannig jafna ábyrgð á uppeldi barna sinna. Ef áfram á að stefna að því markmiði að nýta sjóðinn sem jafnréttistæki er ljóst að eitthvað þarf að breytast. Flestir virðast sammála um að of lágt þak á greiðslurnar hafi leitt til þess að feður nýta síður rétt sinn til orlofstökkunar og því óskandi að starfshópurinn skili af sér tillögum um að þetta þak verði hækkað þannig að þessari þróun verði snúið við. Þá er ljóst að í sumum tilfellum er úthlutun úr sjóðnum svo lág að fólk þarf orðið að fara fram hjá kerfinu til þess að eiga í sig og á. Slík staða er umhugsunarverð og ljóst að hugsa þarf orlofsfyrirkomulagið upp á nýtt.

Á sama tíma og nauðsynlegt er að veita meiri fjárumni til fæðingarorlofsjóðsins, sem og að hækka þakið, verður þó að benda á að markmið fæðingarorlofslaga-anna er ekki það að foreldrar geti haldið uppi fyrri lífsstíl á launum frá sjóðnum. Víða annars staðar í heiminum er fyrirhyggjusemi nauðsynleg áður en tekin er ákvörðun um að eignast barn, sem líklegast er ein fjárhagslega dýrasta ákvörðun í lífi hvers foreldris. Þó að ljóst sé að gera verði betur við nýbakaða foreldra verða þeir einnig að sníða sér stakk eftir vexti.



Markmið fæðingarorlofslöggjafarinnar var að jafna stöðu kynjanna; gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og taka þannig jafna ábyrgð á uppeldi barna sinna.

Halldór



Frá degi til dags

Varaformannskrisa
Varaformaður Vinstri grænna, Björn Valur Gíslason, er sá eini sem hefur gefið það út að vilja varaformannsembættið á komandi landsfundi. Þegar Björn var kosinn fyrir tveimur árum var stemningin í flokknum á þann veg að Björn sæti sem varaformaður í tvö ár og svo tæki einhver hentugri kandídat við keflinu. Sá kandídat er ekki í auglýsingu. Kjörnir karlar eru fáir innan raða VG en mörgum innan flokksins þykir ekki ákjósanlegt að tvær konur stýri skipinu. Þegar mannváðið er jafn lítið og raun ber vitni er spurning hvort ekki verði reynt að fá utanaðkomandi silfurriddara í embættið. Jafnvel einhvern sem gæti gefið flokknum sérstöðu að nýju.

Nýr turn í austri
En stóra planið er að ná Birni Val á þing. Í VG heyrast raddir þess efnis að Steingrímur J. Sigfússon hafi ætlað að hætta fyrir á kjörtímabilinu. Nú haldi hann sætinu heitu fyrir vin sinn Björn Val þar til að kosningum kemur. Fari svo að Björn verði kosinn varaformaður flokksins verður hann sitjandi varaformaður í næstu þingkosningum. Dúoið Katrín og Björn Valur eru til þess gerð að allir fái eitthvað fyrir sinn snúð. Landsbyggðin og höfuðborgin, háskólasamfélagið og hinar vinnandi stéttir, konur og karlar. En samt er háskólamenntaða höfuðborgardeildin ekki sátt.
snaeros@frettabladid.is

Fordæmalaust klúður meirihlutans



Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðis-flokksins

Undanfarna daga höfum við horft upp á ógurlegt klúður í borgarstjórn. Meirihlutinn hefur víðurkennt að hafa ekki haft hugmynd um hvað hann var að samþykka þegar ákveðið var að sniðganga vörur frá Ísrael eða hverjar afleiðingarnar yrðu. Þær hafa reynt margvíslegar, bæði fyrir viðskiptahagsmunum og orðspor Íslands.

Sumir spyrja: Var ekki verið að standa á prinsippum um mannréttindi? Er ekki sjálfsgætt að taka afleiðingum? Það væri það ef til þess bærir aðilar hefðu tekið ákvörðunina, í samstarfi við bandalagsríki okkar. En samþykkt borgarstjórnar gekk þvert á utanríkisstefnu Íslands og utanríkisviðskiptastefnuna eins og hún hefur verið praktiseruð; að eiga sem frjálust viðskipti við öll ríki þótt við höfum mögulega enga velþökun á stjórnarfarir þeirra. Þessar heimatilbúnu refsiaðgerðir ganga líka gegn landslögum. Þess vegna eru neikvæðu afleiðingarnar ólíðandi; þær koma til af því að ákvörðunin var illa ígrunduð og undirbúin.

Klúðrið vindur upp á sig nánast daglega. Borgarstjóri er duglegur að vitna í að innkaupastefna borgarinnar heimili ákvarðanir um innkaup á grundvelli mannréttindasjónarmiða. Í gær upplýstist á fundi mannréttindaráðs að framkvæmd þeirra ákveða stefnunnar hefur aldrei verið útfærð og borgarkerfið telur það taka þrjú ár, enda vandasamt og hugsanlega illfrankvæmanlegt innan ramma landslaga. Meirihlutinn hefur með öðrum orðum heldur ekki hugmynd um hvernig á að fylgja reglunum, sem hann vitnar stöðugt í.

Ég stóð í þeirri trú að það ætti að reyna að vinda ofan af þessu máli á borgarstjórnarfundum og gær. Því miður virtist meirihlutinn ekki bera nógu mikla virðingu fyrir alvarleika þess til að svara skýrt hvort ætti að draga samþykktina til baka og setja afgerandi punkt eða finna nýja útfærslu á að sniðganga ísraelskar vörur.

Í annarri atrennu reyndist meirihlutinn aftur illa undirbúinn og ræður ekki við málið. Það er þá ágætt að það er ekki hlutverk hans að beita ríki viðskiptaþvingunum. Nú ættu flokkarnir fjórir að leggja af sína vel meinandi en vanhugsuðu utanríkisstefnu og láta réttum stjórnvöldum eftir að styðja Palestínuríki og gagnrýna mannréttindabrot.



Þessar heimatilbúnu refsiaðgerðir ganga líka gegn landslögum.

Hversu mikið hefur eignin þín **hækkað** í verði?

Þú getur komist að því með **fríu** verðmati.



Kristján P. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is



Framúrskarandi þjónusta í þína þágu

Hönnun, handverk eða föndur?



Halla Helgadóttir
framkvæmdastjóri
Hönnunarmið-
stöðvar

Í tilefni af umræðu um hlut hönnunar í flugstöð Leifs Eiríkssonar er mikilvægt að skoða hvað felst í orðinu hönnun.

Hönnun varðar allt frá smæstu merkingum og hlutum, yfir í flíkur, húsgögn, tæki, viðmót, upplifun, hús og skipulag og borgir. Hönnuðir úr ólíkum greinum hönnunar; arkitektar, vöru-, fata- og grafískir hönnuðir, nota mjög sömu aðferðafræði þó tækni og niðurstaða sé mjög ólík. Hönnun og handverk eru í eðli sínu mjög ólíkar greinar þó þær geti skarast og eigi stundum samleið.

Hönnuð vara er yfirleitt fjöldaframleidd, hönnuð af sérmenntuðum hönnuðum. Margir hönnuðir stofna fyrirtæki, hanna vörur og láta framleiða þær fyrir sig, markaðssetja og selja. Handverkið sjálft er sjaldnast aðalatriði hönnunarvöru en gæði og stöðugleiki í framleiðslu eru aðalatriði.

Sumir íslenskir hönnuðir framleiða vörur sínar sjálfir enda framleiðendur vandfundnir hér á landi. Hugmyndin er það sem skiptir mestu máli en ekki aðferðin við framleiðslu hennar. Aðrir hönnuðir hanna vörur og selja hugmyndir sínar til fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu, sölu og markaðssetningu eða ráðnir til að vinna sérverkefni. Í þeim tilfellum er varan stundum markaðssett undir nafni hönnuðar (sb. IKEA) en oftast undir nafni fyrirtækisins. Langflestir hönnuðir vinna hjá hönnunarfyrirtækjum svo sem arkitektastofum, hönnunarstofum, auglýsingastofum eða hjá fyrirtækjum sb. Össur, CCP, 66North o.s.frv.

Listhandverk og handverk er unnið af list- eða iðnmenntuðu fólki sem hefur sérhæft sig í ákveðinni aðferð eða handverki.

Handverk er eðli málsins samkvæmt aldrei fjöldaframleitt og framleiðslugetan takmarkast af afköstum hvers og eins. Aðferðin, efnið og handverkið er aðalatriði sem hefur afgerandi áhrif á hugmyndina sem unnið er með og útkomu hennar. Handverksfólk og hönnuðir vinna oft saman. Handverk getur fallið undir skilgreininguna hönnun en flest handverk gerir það ekki. Handverk hefur átt undir högg að sækja, en þykir nú verulega áhugavert svið sem ungt fólk sækir í.

Föndur er það sem fólk gerir þegar það býr til eitthvað án þess að hafa sérstaka menntun eða sérhæfða kunnáttu. Margir föndra eða búa til hluti og nota uppskriftir eða fyrirmyndir úr í blöðum, af netinu eða annars staðar. Föndur er hvorki hönnun né listhandverk en nær einstaka sinnum að verða handverk.

Fjölbreyttur hópur hönnuða og arkitekta hefur unnið að endurbreytingum flugstöðvarinnar og koma þeir að verkefninu með ólíkum hætti. Það þarf að hanna byggingar, viðbyggingar, umhverfi húsanna, breytingar innanhúss, skipuleggja og hanna leiðir gesta, upplifun þeirra og áferð. Hanna þarf veitingahús, verslanir, merkingar og útlit. Þar að auki þarf að gæta þess að íslenskar hönnunarvörur svo sem fót og hlutir eigi sinn sess og séu til sölu í flugstöðinni.

Stórt og flókið verkefni
Breytingar og endurhönnun flug-

stöðvarinnar er stórt og flókið verkefni sem þarf að leysa þannig að hún þjóni vel því fjölbreytta hlutverki sem hún gegnir. Það hefur skapað umræður og gagnrýni að í Leifsstöð virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir sérverslun sem selur hannaðar vörur, s.b. Illum Bolighus á Kastrup. Við þekkjum flest þá verslun og þekkjum muninn á henni og verslunum sem selja hefðbundnar vörur fyrir ferðamenn.

Ég er sannfærð um að það var alls ekki vilji stjórnenda að úthýsa íslenskum hönnunarvörum úr Leifs-

stöð. En við skipulagningu stórra opinberra verkefna eins og endurskipulagningu flugstöðvarinnar þarf að gæta sérlega vel að því hvernig að útbodsgerð er staðið.

Við erum ung sem hannandi þjóð en höfum sýnt þó nokkra hæfileika á því sviði jafnvel svo að eftir því er tekið við um heim. Sameiginlega eru hönnuðir að vinna markvisst að því að auka gæði íslenskrar hönnunar og þar með auka veltu og útlutning á því sviði.

Hönnunarvörur geta vel átt heima með vönduðu handverki, en sér-

verslun fyrir ferðamenn er ekki endilega heppilegur vettvangur, enda eru hefðbundnar vörur í þeim verslunum oft ódýrar sb. hinn margumtalaði lundabangsi. Annað umhverfi hentar mun betur eins og við hlið alþjóðlegrar hönnunarvöru í hærri verðflokki.

Eða hefur einhver séð „Svan“ Arne Jakobsen, postulín frá Royal Copenhagen eða Apa Kay Bojesen til sölu innan um vörur fyrir ferðamenn í Danmörku: danska fánann, stytur af litlu hafmeyjuni eða varðmönnum drottningar?



Það hefur skapað umræður og gagnrýni að í Leifsstöð virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir sérverslun sem selur hannaðar vörur.



Fleiri möguleikar í hraðbönkunum okkar

Í hraðbönkunum í útibúum okkar geta viðskiptavinir lagt inn seðla og tekið út allt að 300.000 kr.

Arion hraðþjónusta
– hafðu það eins og þú vilt

 Arion banki

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS

ABBA

SVÍÐJÓÐ — NÝR ÁFANGASTAÐUR 2016

STOKKHÓLMUR *frá*
9.999 kr.*

Heimsæktu heimaland Línu Langsokks, ABBA, Dr. Alban og allra hinna — Svíþjóð! Þetta geðpekka konungsríki á vísan stað í hjörtum Íslendinga, ekki síst höfuðborgin. Í Stokkhólmi eru yfir 70 söfn af ýmsum toga, græn svæði, fjöldi verslana og magnað menningarlíf. Stórskemmtilegur og heillandi áfangastaður, hvort sem er fyrir alla fjölskylduna eða rómantíska borgarferð.

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum. Bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.

BABB!





Margrét Lára Viðarsdóttir sést hér skjóta langt yfir úr vítaspyrnu í gær. Henni tókst ekki að skora í hundraðasta leiknum. Fréttablaðið/Vilhelm

Nýjast

JAFNAÐI 32 ÁRA MET ATLA Pólverjinn Robert Lewandowski skoraði í gær fimm mörk fyrir Bayern München í 5-1 sigri á Wolfsburg í þýsku deildinni þrátt fyrir að hafa bara spilað seinni hálfleikinn. Lewandowski kom inn á í hálfleik í stöðunni 1-0 fyrir Wolfsburg og skaut Wolfsburg-liðið hreinlega í kaf með því að skora fimm mörk á aðeins níu mínútna kafla. Lewandowski varð fyrsti varamaðurinn til að skora fimm mörk í sögu þýsku úrvalsdeildarinnar auk þess að vera fyrsti erlendi leikmaðurinn til að skora fimm mörk í einum leik síðan Atli Eðvaldsson náði því árið 1983. Atli skoraði fimm mörk í lokaleik Fortuna Düsseldorf tímabilið 1982-83.

Margrét Lára hefur sennilega ekki þolað pressuna á því að getað náð Messi á ný.

Pórir Karlsson @ThorirKarls

Þær stóðu sig best í gær

Glódís Perla Viggósdóttir Miðvörðurinn þurfti ekkert að verjast í kvöld en sýndi heimsklassa frammistöðu og átti margar frábærar sendingar sem sprengdu upp vörn gestanna.



Hallbera G. Gísladóttir Þurfti lítið að verjast en var með áætlunarferðir fram vinstri kantinn. Átti margar frábærar fyrirgjafir og ein þeirra skilaði marki.

Fannnis Friðriksdóttir Spólaði sig fram hjá varnarmönnum Hvít-Rússa trekk í trekk og var sífellt ógnandi.

FYRSTILEIKUR ÆGIS MED KR Landsliðsmaðurinn Ægir Þór Steinarsson lék sinn fyrsta leik með KR í gærkvöldi þegar KR vann 103-78 sigur á Val í Fyrirtækjabíkar KKI. Ægir Þór spilaði í tæpar 22 mínútur og var með 9 stig, 8 fráköst og 6 stoðsendingar í leiknum.

HANNES HÉLT HREINU Í SJÖTTA LEIKNUM Í RÖÐ Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson er ekkert að fá á sig mörk með liðum sínum þessa dagana. Hannes hélt hreinu í gær þegar lið hans NEC Nijmegen vann 3-0 útisigur á D-deildarliði VV Noordwijk í hollenska bikarnum Hannes hélt þar með marki sínu hreinu í fjórða leiknum í röð með NEC. Hannes fékk síðast mark á sig í 2-0 tapi á móti Ajax 23. ágúst. Það er ekki nóg með að Hannes hafi haldið marki NEC hreinu þessa 30 daga því hann hélt einnig hreinu í báðum leikjum íslenska landsliðsins í september. Hannes hefur því haldið hreinu í sex leikjum í röð og er ekki búinn að fá á sig mark í 544 mínútum með NEC og íslenska landsliðinu.



Í dag

17.55	Celta Vigo - Barcelona	Sport 5
18.45	Tottenham - Arsenal	Sport
18.45	Sampdoria - AS Roma	Bravó
18.45	Internazionale - Verona	Sport 4
18.45	Juventus - Frosinone	Sport 6
19.00	Ath. Bilbao - Real Madrid	Sport 3

Víti sem vonandi gleymist fljótt

Íslenska kvennalandsliðið byrjaði undankeppni EM 2017 með mikilvægum en markalitlum sigri á Hvíta-Rússlandi í gær. Margréti Láru Viðarsdóttur tókst ekki að skora í hundraðasta landsleiknum.

Tækifæri í september



SIEMENS - Uppvottavélar

SN 45M209SK (hvít)
SN 45M509SK (stál)

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Zeolith®-þurrkun: Skilar sérlega þurru og glitrandi leirtaui. Byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólit saga í sig raka og gefa frá sér hita. Barnalæsing. „aquaStop“ flæðivörn.

Tækifærisverð:
139.900 kr.
(Fullt verð: 169.900 kr.)

SIEMENS



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FÓTBOLTI „Þetta var svona David Beckham-víti,“ sagði Margrét Lára Viðarsdóttir, fyrirliði og markahæsti leikmaður kvennalandsliðsins í fótbolta, við Fréttablaðið um vítaspyrnuna sem hún brenndi af í 2-0 sigri Íslands gegn Hvíta-Rússlandi í Laugardalnum í gærkvöldi. Hún hefur skorað svo mörg mörk með landsliðinu að eitt misnotað víti kemur henni ekki úr jafnvægi.

Stelpurnar okkar hófu undankeppni EM 2017 af krafti og lögðu varnarsinnad(!) lið Hvít-Rússa að velli án mikillar fyrirhafnar. Hvít-rússneska liðið hafði nákvæmlega engan áhuga á að spila fótbolta en það má gefa Hvít-Rússunum það, að þær vörðust ágætlega. Samt sem áður var íslenska liðið að skapa sér færi

Sviðið var klárt fyrir konu kvöldsins, markadrottninguna og fánabera íslenskrar kvennaknattspyrnu til langs tíma; Margréti Láru Viðarsdóttur. Vítaspyrna í 100. landsleiknum og 73. markið handan við hornið. Spyrnan fór yfir, en það skiptir engu í stóra samhenginu eins og hún segir sjálf.

„Það man enginn hvernig þessi leikur fór þegar við verðum komnar á EM. Þetta víti gleymist fljótt,“ sagði Margrét eftir leikinn. „Þú ert búinn að vinna þér inn að klúðra einu víti ef þú skorar 72 landsliðsmörk í 99 leikjum.“

Það klúðra allir vítaspyrnu við og við. Það spila aftur á móti færri 100 landsleiki og skila því sem hún hefur skilað. Hundrað landsleikja klúbburinn er heppinn með nýja meðliminn.

„Ég er stolt af mínum ferli. Þetta er stór stund og ég er hálf hræð yfir móttökunum sem ég og stelpurnar fengum í kvöld,“ sagði Margrét Lára. **tomas@365.is**

OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE


ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. september 2015 | 22. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

GÖNGUM
HREINT
TIL VERKS!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



Hagkerfið að hitna

VÖXTUR VAR 5,2 PRÓSENT
Á FYRRI HELMINGI ÁRS OG
HEFUR EKKI VERIÐ MEIRI
SÍÐAN 2007.

250 MILLJARÐA
FJÁRFESTING ER
ÁÆTLUÐ Á NÆSTUNNI
Í SAMTALS FJÓRUM
VERKEFNUM.

BÚAST MÁ VIÐ AÐ
ÞÚSUNDIR MANNA
FLYTIJST TIL ÍSLANDS
Á NÆSTUNNI TIL AÐ
VINNA.

Nýr leikur í bígerð

Bræðurnir Guðmundur og Ívar Kristjánssynir, sem báðir störfuðu um langa hríð hjá CCP, hafa stofnað tölvuleikjafyrirtækið 1939 Games ehf. Ívar var einn stofnenda CCP og Guðmundur starfaði þar í rúman áratug. Fyrsta verkefni fyrirtækisins er að hanna og gefa út tölvuleikinn WWII Kards en sögusvið leiksins er síðari heimsstyrjöldin.

→ **SÍÐA 2**



Áhuginn að aukast

Sérfræðingur um kynjaðar fjárhags- og starfsáætlanir telur að með því að setja upp kynjagleraugun sé tryggt að almenningsfjárhag sé betur varið. Hún segir vaxandi áhuga á kynjaðri fjárlagagerð → **SÍÐA 4**

Stýrir fjárhagssviði

Erla Guðmundsdóttir var á dögnum ráðin framkvæmdastjóri á fjárhagssviði Seðlabanka Íslands. Þar ber hún meðal annars ábyrgð á heildaruppgjöri bankans og er einnig með ábyrgð á öllum greiðslum hans. Erla er viðskiptafræðingur að mennt Hún fjárfesti nýlega í hesthúsi og ætlar í hestamennsku af fullum krafti.

→ **SÍÐA 8**



**STJÓRNAR-
MAÐURINN**

@stjornarmadur

farið mikinn.

Helgi Hrafn Gunnarsson hefur

→ **SÍÐA 12**

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímamantanir í síma:


Optical Studio í Smáralind
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík
sími 4213811

Optical Studio í Leifstöð
sími 4250500


Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Tollalækkun til neytenda?

Skjóðan



NÝTT samkomulag milli Íslands og ESB um gagnkvæma lækkun og niðurfellingu tolla á landbúnaðarvörur gefur von um nýja tíma fyrir íslenska neytendur og framleiðendur. Ísland fellir niður tolla á 340 nýjum tollskránum og lækkar tolla á 20 til viðbótar. Þetta þýðir að tollar á unnar landbúnaðarvörur, aðrar en jógúrt, falla niður. ESB fellir líka niður tolla á íslenskar landbúnaðarvörur.

PESSU til viðbótar er samkomulag um að báðir aðilar auka verulega tollfrjálsa innflutningskvóta m.a. fyrir ýmsar kjöttegundir og osta.

Þetta kemur til framkvæmda á tilteknum aðlögunartíma fram til ársins 2020. ESB eykur verulega tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir íslenskt skyr, smjör og lambakjöt auk þess sem það opnar nýja kvóta fyrir alifugla- og svínakjöt og ost frá Íslandi.

LJÓST er að tollalækkunin á unnar landbúnaðarvörum mun skila sér í vasa íslenskra neytenda. Súkkulaði, pitsur, pasta, bökunarvörur og fleiri unnar landbúnaðarvörur munu lækka í verði.

ÞÁ er einnig ljóst að opnunin inn á ESB-markað skapar spennandi tækifæri fyrir íslenska framleiðendur.

ÞAD vekur athygli að Ísland skuli fella niður tolla á allar unnar landbúnaðarvörur aðrar en jógúrt. Vart verður það skilið á annan hátt en að hugur íslenskra stjórnvalda standi nær framleiðendum en neytendum. Mjólkursamsalan og KEA eiga mikilla hagsmuna að gæta á innanlandsmarkaði með skyr, jógúrt og fleiri vörur, sem myndu mæta aukinni samkeppni ef tollar á innfluttri jógúrt yrðu aflagðir.

EKKI er víst að neytendur njóti stækkunar á tollfrjálsu innflutningskvótum ýmissa kjöttægunda og osta. Með samningnum eru slíkir kvótar auknir stórlega en ná samt

ekki nema rétt að skrifa upp í 10-15 prósent af heildarneyslu þessara vara hér á landi miðað við neysluna árið 2011. Heildarneyslan hefur þegar aukist verulega frá þeim tíma, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna, og mun fyrirsjáanlega aukast enn fram til 2020 þegar stækkun innflutningskvóta verður að fullu komin til framkvæmda.

ÞÁ hræða spörin þegar kemur að innflutningskvótum á landbúnaðarvörur. Í orði kveðnu eiga slíkir kvótar að stuðla að lægra vöruverði til neytenda en íslensk stjórnvöld hafa undantekningalítið boðið kvótana upp og selt hæstbjóðanda. Íðu-

lega hafa hæstbjóðendur verið íslenskir framleiðendur sem hagsmuni hafa af því að innflutningur lækki ekki vöruverð til neytenda. Einnig hafa verið brögð að því að framleiðendur kaupi innflutningskvóta dýrum dómum til þess eins að koma í veg fyrir innflutning. Neytendur hafa setið eftir með sárt ennið og gildið fyrir kvótakaup framleiðenda með herra vöruverði og takmörkuðu vörúrváli.

STJÓRNVÖLD gefa útgerðinni kvótann í sjónum en sá kvóti sem getur lækkað vöruverð til neytenda er boðinn upp og seldur hæstbjóðanda.

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9
Á UPPLÉID
Félög sem hækkðu í verði

5
Á NIÐURLEID
Félög sem lækkðu í verði

1
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI
156,0% frá áramótum

BANK NORDIK
15,9% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM
-21,9% frá áramótum

ÖSSUR
-2,2% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordik (DKK)	153,00	47,1%	15,9%
Eik fasteignafélag*	7,26	6,8%	-1,0%
Eimskipafélag Íslands	241,25	1,8%	0,3%
Fjarskipti (Vodafone)	46,75	33,6%	0,4%
Hagar	42,08	4,0%	0,5%
HB Grandi	41,80	23,7%	0,7%
Icelandair Group	29,60	38,3%	0,3%
Marel	203,50	47,5%	0,7%
NI	42,25	82,14%	0,2%
Nýherji	13,26	156,0%	1,6%
Reginn	16,70	23,2%	-0,4%
Reitir*	72,40	13,3%	-0,1%
Sjóvá	11,90	0,4%	-1,7%
Tryggingamiðstöðin	20,55	-21,9%	0,0%
Vátryggingafélag Íslands	8,45	-6,6%	0,2%
Össur	479,00	32,7%	-2,2%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.645,24	25,6%	0,1%

First North Iceland

Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	28,70	27,0%	4,4%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).



Í TÖLVULEIKJABRANSANUM Guðmundur og Ívar Kristjánssynir hafa áralanga reynslu af gerð tölvuleikja enda voru þeir báðir lengi hjá CCP. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

CCP-bræður stofna tölvuleikjafyrirtæki

Ívar og Guðmundur Kristjánssynir sem störfuðu um langa hríð hjá CCP hafa stofnað tölvuleikjafyrirtækið 1939 Games. Það mun gefa út seinniheimsstyrjaldarleiki. Nýr leikur kemur innan 18 mánaða.

Bræðurnir Guðmundur og Ívar Kristjánssynir, sem báðir störfuðu um langa hríð hjá CCP, hafa stofnað tölvuleikjafyrirtækið 1939 Games ehf. Ívar var einn stofnendur CCP og Guðmundur starfaði þar í rúman áratug. Fyrsta verkefni fyrirtækisins er að hanna og gefa út tölvuleikinn WWII Kards en sögusvið leiksins er síðari heimsstyrjöldin.

Guðmundur segir að um tvö ár séu síðan hugmynd að leiknum kviknaði. Í sumar hafi hann svo fengið sjö milljóna króna styrk frá Rannís til að vinna að þróun leiksins. Þá hafi hann látið slag standa og hætt hjá CCP til að einbeita sér að leiknum. Hann segir WWII Kards vera stafrænan safnkortaleik, raunar hálfgerð borðspil á netinu. Aðaláherslan í leiknum verður á að að keppa við leikmenn í gegnum vefinn en einnig verður hægt að keppa við tölvuna. Hann segir að leiknum muni einna helst svipa til hins vinsæla Hearthstone frá tölvuleikjafyrirtæki Blizzard. Þróun leiksins er á frumstigi að

sögn Guðmundar, nú sé á stefnu-skránni að ráða formlega fyrstu starfsmenn fyrirtækisins. Fyrirtækið hafi þó þegar tryggt fyrsta áfanga fjármögnunar með hlutfjárukningu. Hann segist vonast til að ekki sé meira en eitt og hálf ár í að leikurinn verði gefinn út.

Helst sé horft til snjalltækja, sérstaklega spjaldtölva, við spilun leiksins en ekki sé búið að ákveða með hvaða hætti verði hægt að nálgast leikinn.

Guðmundur segir að stefnt sé að því að leikirnir frá 1939 Games verði fleiri í framtíðinni. „Markmiðið er að gefa út þennan leik sem á að standa undir rekstri fyrirtækisins og þróun á fleiri

“Fyrirtækið mun einbeita sér að seinniheimsstyrjaldarleikjum.

Guðmundur Kristjánsson, stofnandi 1939 Games

leikjum. Fyrirtækið mun einbeita sér að seinniheimsstyrjaldarleikjum,“ segir Guðmundur. Hann hafi lengi haft áhuga á seinni heimsstyrjöldinni, bæði gegnum mannkynssöguna og tölvuleiki þar sem sögusviðið sé seinni heimsstyrjöldin. ingvar@frettabladid.is

Þekktasta tölvuleikjafyrirtæki Íslands

Ívar stofnaði CCP árið 1997 með þeim Þórólfi Beck og Reyni Harðarsyni. Þeir byrjuðu á að þróa borðspilið Hættuspil sem þeir seldu í 10 þúsund eintökum. Söluálgóðann notuðu þeir til þess að fjármagna stofnun CCP. Þekktasti leikur fyrirtækisins, Eve Online, fór í loftið 2003, og varðaði veginn að þeirri velgengi sem fyrirtækið naut árunum á eftir. Fyrirtækið hefur verið að draga saman seglin undanfarnin ár, eftir að hætt var við þróun tölvuleikjarins World of Darkness.

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 23. SEPTEMBER
Hagstofa Íslands – Vinnurmarkaður í ágúst 2015

FIMMTUDAGUR 24. SEPTEMBER
Þjóðskrá Íslands – Viðskipti með atvinnuhúsnæði í ágúst
Þjóðskrá – Fjöldi útgefna vegabréfa

FÖSTUDAGUR 25. SEPTEMBER
Seðlabanki Íslands – Útgáfudagur Hagvísu

Vísitala neysluerðs í september

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER
Hagstofan – Meðalkostnaður á grunnskólanema í september
Hagstofan – Nýskráningar og gjaldþrot í ágúst

MIÐVIKUDAGUR 30. ÁGÚST
Seðlabanki Íslands – Vaxtaákvörðunardagur

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Tekjur námu tæplega milljarði en drögust verulega saman milli ára:

Sagafilm tapaði 53 milljónum árið 2014

Á síðasta ári námu sölutekjur Sagafilm-samstæðunnar 938 milljónum króna, samanborið við 2.485 milljóna króna veltu árið 2013. Félagið tapaði 53 milljónum á síðasta ári, samanborið við 66 milljóna króna hagnað árið 2013. Samstæða Sagafilm tekur til móðurfélagsins ásamt dótturfélögum sem eru Sigurvegarinn, Atlantshafsróðurinn, Dead Snow, Með okkar augum, Stelpurnar TV, Patchwork (Danmörku), og Moland Film (Noregi).

Rekstrartap samstæðunnar fyrir afskriftir nam 10,5 milljónum króna á síðasta ári, samanborið við 124 milljóna króna hagnað árið 2013. Tap ársins fyrir skatta nam 64 milljónum króna, samanborið við 83 milljóna króna hagnað árið 2013. Eignir samstæðunnar námu 941



EITT AF FJÖLMÖRGUM VERKEFNUM SAGAFILM Á SÍÐASTA ÁRI VAR STELPURNAR.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR BIRKISSON

milljón króna og drögust saman um 205 milljónir króna milli ára. Handbært fé nam 252 milljónum króna í árslok 2014 og jókst töluvert úr 66 milljónum króna árið áður. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins fyrr í þessum mánuði og tók Guðný Guðjónsdóttir við starfi forstjóra af Ragnari Agnarssyni. - sg



Make it matter.



Kipptu kassanum með þér

HP MX-10 kassakerfisláusnin með Intel® Atom™ örgjörva Z2760

G8C31EA, F3K89AA



HP MX-10 kassakerfisláusnin ásamt HP strímlaprentara, stríkamerkjaskanna og peningakassa sem eru seldir aukalega.

Innbyggður stríkamerkjaskanni

Innbyggður kortaskanni

Kynntu þér MX-10 kassakerfisláusnina nánar á www.ok.is/mx10/

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is. Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eda öðrum löndum.

OPIN KERFI

Sérfræðingar þér við hlið



OPIN KERFI | HÖFÐABAKKA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 570 1000 | OK@OK.IS

Purfum að setja upp kynjagleraugin

Sérfræðingur um kynjaðar fjárhags- og starfsáætlanir telur að með því að setja upp kynjagleraugin sé tryggt að almenningsfjárhag sé betur varið. Hún segir mikinn árangur hafi áunnist hjá Reykjavíkurborg í þessum efnum.

Með kynjaðri fjárhagsáætlun er gengið úr skugga um að almenningsfjárhag sé betur varið. Þetta fullyrta Dr. Diane Elson á málþingi Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á föstudaginn. Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun árið 2011, og er Elson einn fremsti sérfræðingurinn á þessu sviði.

Kynjuð fjárhagsáætlun (e. gender budgeting) felur það í sér að setja upp kynjagleraugin og rýna í hvernig borg eða ríki verja almenningsfjármunum. Þá er litið á það hvort ríkið verji og safni fé á þann hátt að draga úr, eða auka jafnrétti kynjanna, eða hvort kynjajafnrétti haldist óbreytt. Kynjaðar fjárhagsáætlanir voru fyrst kynntar í lok síðustu aldar og hefur Elson rannsakað þær í fjölmörgum löndum. Hún hefur sérstaklega skoðað niðurskurð með kynjaglerauginum. Í Basel í Sviss leiddi niðurskurður á daggæslu barna til dæmis til þess að konur, frekar en karlar, þurftu að verja meiri tíma í ólaunaðri vinnu við að gæta barnanna sinna. „Mikilvægt er að líta ekki einungis á kostnaðinn sem ríkið eða borgin geti sparað sér í niðurskurði, heldur einnig á hver ytri áhrifin eru,“ segir Elson. Ef konur þurfa þá að verja meiri tíma heima og minni tíma í vinnu geta þær lækkað í launum og skatttekjur lækka þá í kjölfarið.

Í samtali við Markaðinn segist Elson telja að þörf sé á kynjuð-

“Konur ráða opinbera geiranum en karlar einkageiranum.”

um fjárhagsáætlunum á Norðurlöndunum þrátt fyrir að löndin séu langt komin á sviði jafnréttismála. Hún bendir á ofbeldi gegn konum og meiri ábyrgð kvenna á heimilinu sem dæmi um það að enn þá sé verk fyrir höndum. „Oft er sagt um Norðurlöndin að konur ráða opinbera geiranum, en karlar einkageiranum,“ segir Elson.

Elson segist hafa upplifað vaxandi áhuga á kynjuðum fjárhagsáætlunum undanfarin ár, hins vegar skipti lykilmáli hversu alvarlega stjórnvöld kjósa að beita aðferðinni. Spurð hvort mikilvægt sé ekki einnig að horfa á fjárhagsáætlanir með hliðsjón af öðrum minnihlutahópum segir Elson að það skipti vissulega máli. Hins vegar séu kynjagleraugin þau einu sem sýna vandamálið með ólaunaðri vinnu heima fyrir og einnig hver innan heimilisins hljóti þjónustu og bætur. Aðspurð segir Elson vinstristjórnir ekki endilega hafa meiri áhuga á kynjuðum fjárhagsáætlunum, hins vegar framfylgi þær þeim öðruvísi en hægristjórnir. Hún telur að fram að þessu hafi mikill árangur áunnist á sviðinu á Íslandi.

saeunn@frettabladid.is



Dr. Diane Elson hefur rannsakað kynjaðar fjárhags- og starfsáætlanir í fjölda ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útflutningur matvæla - hvað er í kortunum?



Mánudaginn 28. september kl. 14.00 á Grand Hótel

Íslandsstofa boðar til fundar með framleiðendum og útflytjendum matvæla og öðrum þeim sem áhuga hafa á málefnum, **mánudaginn 28. september kl. 14 á Grand Hótel Reykjavík**. Meðal efnis er kynning á kortlagningarvinnu sem Íslandsstofa lét gera í samstarfi við hagsmunafélög í framleiðslu matvæla.

Jóna Karen Sverrisdóttir frá Gallup kynnir niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir fyrirtæki í matvælaframleiðslu. Guðný Káradóttir og Bryndís Eiríksdóttir hjá Íslandsstofu kynna greiningu á tækifærum í útflytningu matvæla og viðhorfum aðila í matvælageiranum. Þá munu fulltrúar hagsmunasamtaka í matvælaframleiðslu ræða tækifæri og framtíðarsýn í greininni.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Íslandsstofu, www.islandsstofa.is eða í síma 511 4000.



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Mögulegt verður að millifæra með símanum

Aur-appið, sem þróað var af Nova og Kind Sheep (Stokkur) fór í loftið á mánudag. Með appinu geta notendur millifært peninga út af debet- eða kreditkortinu inn á bankareikning. Eingöngu þarf að vita símanúmer viðtakanda til að borga, rukka eða skipta kostnaði. Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, segir að ákveðið hafi verið að þróa appið þar sem stefna fyrirtækisins sé að styðja við hinn breytta lífsstíl sem fylgir snjallsímavæðingunni. Mikið hefur verið rætt um farsímagreiðslur og að snjallsíminn verði rafrænt veski.

Liv bendir á að þetta sé mun einfaldari og fljótlegra leið til að millifæra peninga en eftir hefðbundnari leiðum, ekki þurfi að vita kennitölu né reikningsnúmer.



LIV BERGÞÓRSDÓTTIR

er heldur bara símanúmerið. Millifærsluheimild á appinu, sem er samanlagt það sem þú borgar, rukkar og færð greitt, er daglega 25 þúsund krónur og mánaðarlega 150 þúsund krónur. Lágmarksupphæðin er hins vegar 500 krónur.

„Þetta er fyrst og fremst hugsað fyrir smágreiðslur og í einstaklingsviðskiptum, þetta er raunverulega ekki hugsað í viðskiptalegum tilgangi og upphæðin var stillt af miðað við það. Við eigum svo eftir að sjá til hvort við hækkum upphæðina í framtíðinni,“ segir Liv. - sg



Ólíklegt er að Úkraína komi til með að greiða 500 milljóna dollara skuldabréf í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Gjaldfall yfirvofandi

Greiðslufall vofir yfir ríkissjóði Úkraínu, þar sem ekki er útlit fyrir að takist að greiða 500 milljóna dollara skuldabréf sem er á gjalddaga í dag.

Í umfjöllun Bloomberg fréttastofunnar segir að útlit sé þó fyrir að eigendur skuldabréf-

inga á þessi tilteknu skuldabréf fái kröfur sínar greiddar að fullu.

Þessi niðurstaða var raunar fyrirsjáanleg eftir að fjármálaráðuneyti Úkraínu tilkynnti að það myndi fresta greiðslum til þess að ljúka við 18 milljarða dala skuldaendurskipulagningu. - sg

5. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL

NÝJASTI OG HRAÐASTI ÖRGJÖRVINN - STÓRAUKIN RAFHLÖÐUENDING



INTEL i5

ASU-F302LAFN073H

139.995

HRAÐVIRK MEÐ SSD

Ein sú flottasta í úrvalinu hjá okkur. Nýjasti 5. kynslóðar i5 örgjörvinn og 128GB SSD diskur tryggja frábæran vinnsluhraða í krefjandi forritum og snögga ræsingu. Nýji örgjörvinn tryggir líka lengri rafhlöðuendingu. Intel HD Graphics 5500 skjákjarninn skilar stórbættri grafískri vinnslu og einstökum myndgæðum. Mjög nett og létt 13,3" fartölva sem auðvelt er að taka með sér hvert sem er.

FRÁBÆR KAUP FYRIR KRÖFUHARÐA!



INTEL i5
ÖRGJÖRVI



4GB
VINNSLUMINNI



HD5500
GRAFÍKKJARNI



13,3"
SKJÁR



tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUDURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333



PENSLAN HELDUR ÁFRAM Útlit er fyrir að vöxtur einkaneyslu haldi áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óttast nýja kollsteypu

Viðvörðunarljós eru farin að blikka í hagkerfinu. Þúsundir þurfa að flytja til landsins til þess að starfa í byggingaiðnaði og ferðaþjónustu haldi penslan áfram. Enda er atvinnuleysi hér á landi með minnsta móti. Litlar líkur eru sagðar á að betur takist til við hagstjórn í þessari uppsveiflu en á árum áður.

ÚTTEKT

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Viðbendingar eru um að ofhitnun hagkerfisins geti verið í kortunum. Hagvöxtur var 5,2 prósent á fyrri hluta ársins samkvæmt Hagstofu Íslands og hefur ekki verið meiri frá árinu 2007 og enn meiri en greiningaraðilar hafa spáð.

Um 250 milljarða fjárfesting er áætluð í fjórum stóriðjuverkefnum fram til ársins 2018. Til að setja þá upphæð í eitthvert samhengi var áætlaður kostnaður við byggingu Kárahnjúkavirkjunar um 133 milljarðar á verðlagi ársins 2007, samkvæmt skýrslu sem þáverandi iðnaðarráðherra flutti Alþingi í mars 2008. Landsvirkjun veitti ekki upplýsingar um endanlegan kostnað við virkjunina við vinnslu þessara úttektar.

Ráðgert er að framkvæmdir vegna kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka og jarðvarmavirkjunar við Þeistareyki, þaðan sem verkmiðja PCC mun fá orku, nemi um 80 milljörðum króna. Þá er búist við að fjárfesting vegna sólarkísilverksmiðju Silicor Materials á Grundartanga nemi 120 milljörðum króna. Fjárfesting vegna kísilvera Thorsil og United Silicon í Helguvík eiga samtals að nema 47 milljörðum króna. Samtals munu vel á annað þúsund iðnaðarmenn starfa við verkefni á byggingartímanum. Um 700 varanleg störf munu skapast í verkmiðjunum.

Búist er við frekari vexti í ferða-

þjónustunni. Ferðamönnum hefur fjölgað um tæplega 24 prósent það sem af er þessu ári. Túristi.is hefur bent á að miðað við þann vöxt sem flugfélög ráðgeri á næsta ári séu líkur á að ferðamenn verði 1,5 milljónir á næsta ári. Samkvæmt nýlegri skýrslu Íslenskra verðbréfa er búist við því að störfum í ferðaþjónustu fjölgi um 40 prósent fram til ársins 2020 eða um ríflega sjö þúsund. Þá þurfi að byggja mörg hundruð hótelherbergi á ári auk þess að þörf sé á milljarða fjárfestingu í innviðum og afþreyingu vegna ferðamanna.

Búist við innflutningi starfsfólks

Atvinnuleysi í sumar hefur verið 2,6 prósent samkvæmt tölum frá Vinnuálastofnun og hefur ekki mælst minna frá því í október 2008 þegar það var 1,9 prósent. Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnuálastofnun, segir líkur á að þúsundir flytji til Íslands næstu árin til þess að vinna. Mikil til verði það erlendir starfsmenn en hugsanlega einnig Íslendingar sem flutt hafa til Noregs fari að þrengja að þar í landi. „Við höfum séð mikla þenslu í ferðaþjónustu fyrst og fremst undanfarið ár sem er klárlega farin að ná til fleiri greina. Í byggingariðnaði er komin knýjandi þörf til að byggja upp bæði íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, svo eru stórframkvæmdir í farvatninu. Það er ekki mikið af fólki á lausu til að starfa í þessum greinum, atvinnuleysi í þeim er lítið sem og atvinnuleysi almennt. Menn gera nú ráð fyrir að það þurfi þá vinnuafli erlendis frá að talsverðu leyti í byggingarvinnu og ferðaþjónustu.“

Karl segir flutning fólks til landsins hafa aukist talsvert á fyrri hluta

ársins. „Það virðist vera línuleg aukning nánast með sama hætti og var á árunum 2004-2005 sem hélt svo áfram til 2008,“ segir hann.

Ungt menntað fólk flytji úr landi

Þá segir Karl hættu á að ungt menntað fólk flytji úr landi þar sem það fái ekki störf við hæfi. Þeir sem flytji til landsins fari svo frekar í störf sem krefjast minni menntunar. „Við erum að sjá svolítið um brottflutning Íslendinga umfram þá sem koma til baka sem er óvenjulegt í uppsveiflu og bendir til þess að menn séu ekki alveg að finna nægjanleg störf við sitt hæfi.“ Karl segir þó að það kunnist að verða breyting þar á. Útlit sé fyrir talsverða fjölgun starfa almennt á vinnuástandnum samhliða uppgangi í atvinnulífnum auk þess sem störfum fyrir háskólamenntaða fari fjölgandi í ferðaþjónustunni.

Launahækkunar skammgóður vermir

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, óttast að launahækkunar samskipti vermið um í nýlegum kjarasamningum séu umfram það sem innstæða sé fyrir í hagkerfinu. Það muni líkt og áður enda með leiðréttingu. „Þessar launahækkunar samskipti vermið um í nýlegum kjarasamningum erum við að semja um skapa kannski skammtíma kaupmátt og svigrúm til aukinnar neyslu, en sú hættu er fyrir hendi að þetta muni enda í aukinni verðbólgu,“ segir Ásdís.

„Við fáum til skamms tíma mikinn kaupmátt sem ýtir undir þensluna í hagkerfinu. En þegar verðbólgan fer af stað er kaupmátturinn fljóttur að hverfa svo það sem stendur eftir er lítill sem enginn kaupmáttur og herra vaxtastig.“ Ásdís telur



„Við höfum séð mikla þenslu í ferðaþjónustu, fyrst og fremst, undanfarið ár.“

KARL SIGURÐSSON
SVIÐSSTJÓRI VINNUMÁLASVIÐS
VINNUMÁLASTOFNUNAR

að vinnuástandurinn beri mesta ábyrgð á þensluástandinu sem sé nú að skapast.

Þá minni ástandið í efnahagsmálum nú að mörgu leyti á stöðuna sem var á árunum 2003-2004, þó ástandið sé vissulega ekki alveg eins. Hagvöxtur síðustu ára hafi að stórum hluta verið drifinn áfram af vexti ferðaþjónustunnar, sem sé mjög heilbrigður hagvöxtur. „Samfara svona miklum launahækkunum erum við að rýra samkeppnisstöðu okkar gagnvart útlöndum og ólíkt fyrri þensluskeiðum er stærsta útflutningsgrein okkar ferðaþjónustan. Ef við höldum áfram á sömu braut gæti það haft alvarleg áhrif á ferðaþjónustuna.“

Stjórnvöld auka á þensluna

Ásdís gagnrýnir að stjórnvöld fari í skattalækkunir nú þegar við erum á leið inn í nýtt þensluskeið án þess að gripa til viðeigandi aðhaldsaðgerða. „Ríkisfjármálin eru að auka þenslu með skattalækkunum og útgjaldaaukningu.“ Efnahagssviði SA reiknast til að þensluáhrif frumvarpsins nemi 40 milljörðum króna. „Það eru mikilvægar kerfisbreytingar að eiga sér stað á skattkerfinu með lækkun skatta og niðurfellingu tolla. En þegar stjórnvöld ráðast í svona aðgerðir verða þau að draga á móti úr ríkisútgjöldunum,“ segir Ásdís.

„Enn og aftur horfum við á stöðu þar sem Seðlabankinn er einn þriggja arma hagstjórnarinnar í baráttunni fyrir verðstöðugleika,“ segir Ásdís en hinir armarnir, vinnuástandurinn og ríkisfjármálin, auki á þensluna í hagkerfinu.

Tekist illa að eiga við hagsveiflur

Ásdís segir stöðuna nú langt frá því að vera einsdæmi. „Í gegnum tíðina höfum við séð gengisfellingar eiga sér stað á um tíu ára fresti. Við viljum auðvitað koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig en ein birtingarmynd slakrar hagstjórnar er gengisóstöðugleiki.“

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, segir nokkur augljós þenslumerki vera: „Útgjöld, bæði einkaneysla og fjárfesting, eru að aukast og búið að semja um ansi ríflegar launahækkunar eins og alþjóð veit. Þannig að það eru frekar teikn um að hagkerfið sé að fara að snúast of hratt,“ segir Gylfi. „Það er allavega ekki mikill slaki eftir sem m.a. kemur fram í

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

TripCreator

Ferðavefur hlýtur verðlaun

Vefsíðan TripCreator.com hefur hlotið hin virtu WebAward-verðlaun sem besti ferðavefur heims árið 2015. TripCreator fór í loftið í vor. Á vefnum er hægt að bóka gistingu, bílaleigubíla, dagsferðir og afþreyingu á Íslandi en þar er að auki að finna upplýsingar um áhugaverða áfangastaði.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



Amerísk
gæðavara



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk
gæðavara



FRÁBÆRT VERÐ

„Verðið á hlaðborðum okkar hefur verið það sama í mörg ár,” segir Mangús Ingi Magnússon veitingamaður.

INNEIGNARMIÐI

5.000 kr. inneign upp í veislu frá Mínum mönnum.

Klipptu miðann út og hafðu hann með þér við pöntun.

Gildir til 15.1. 2016.

Situr þú í skítinum?

FYRIR EFTIR

Hreinsandi fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Afríka, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúl Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur.

Ferðamálastólur Íslands

Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

GÓMSÆT HLAÐBORD Á GIRNILEGU VERÐI

MÍNIR MENN KYNNA Hlaðborðin hjá Mínum mönnum eru vinsæl enda gæðin í fyrirrúmi en verðið í lágmarki. Áhersla lögð á faglega rágjöf og að koma til móts við óskir viðskiptavina.

Verðið á hlaðborðunum okkar hefur verið það sama í mörg ár og það stendur alls ekki til að breyta því þrátt fyrir talsverðar hækkanir frá birgjum,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður sem rekur veisluþjónustuna Mína menn. „Þannig viljum við leggja okkar af mörkum til að halda verðbólgu í skefjum svo að lánin okkar allra hækki ekki upp úr öllu valdi. Klassíska hlaðborðið okkar kostar 1.990 kr. á mann og þannig verður það áfram. Verðið á öðrum hlaðborðum og veislumat er í sama dúr.“

Mínir menn er alhliða veisluþjónusta sem byggir á meira en 30 ára reynslu Magnúsar Inga, og býður upp á heit og köld hlaðborð, smárétti, pottrétti, súpur og fleira fyrir hin ýmsu tilefni. „Ef viðskiptavinirnir vilja aðra samsetningu eða meira úrval er það sjálfsgat mál og við gerum þá tilboð. Kokteil- og smáréttahlaðborðin okkar eru mjög vinsæl og oft vill fólk hafa súpu með eða heitan pottrétt, möguleikarnir eru endalausir.“

Lágmarksfjöldi er 10 manns og Míni menn mæta á staðinn með veisluþjónun ef fjöldinn nær 50 eða

KLASSÍSKT VEISLUHLAÐBORD

Sjanghaí-rækjur – Reykt svínakjöt – Lamba- og grísasteik – Kjúklingur – Brún sósa og brúnaðar kartöflur – Súrsæt sósa – Fjölbreytt grænmeti og ferskt salat

1.990 KR. Á MANN

KOKTEIL- OG SMÁRÉTTABORD

12 eða 20 stk. á mann

Tapassnuttur með laxi, eggj og rækjum, roast beef og „ham“ – Mini-hamborgarar – Mini-pitsur – Beikonpýlsur – Djúpsteiktur rækjur Sjanghaí – Rækjuflögur – Súrsæt sósa

1.490/1.890 KR. Á MANN

fleirum. Svo er hægt að semja við Magnús Inga um að uppvarta matinn í veislu. Nánari upplýsingar eru á vef Minna manna, minirmenn.is, og á Facebook.

NÝ STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!

FMAX KLASSÍK FM 103,9

VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölu menn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

PRO•STAMINUS
 ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
 Er bunan orðin kraftlitil?



PRO•STAMINUS er spennandi nýjung sem er fýst og fremst artuð karlönnum sem hafa einkenni göðkyrja stækkunar á blóðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

www.genurvet.is



TÍMAFLAKK GETUR TEKIÐ Á TAUGAR

Á FLAKKI Þotupreyta eða „jet lag“ er einstaklingsbundið fyrirbæri sem getur haft mikil áhrif á heilsufar. Hún skapast þegar ferðast er á milli tímabelta.

Þotupreyta er íslenska orðið yfir ástand sem skapast þegar ferðast er milli tímabelta. Líkaminn á oft erfitt með að aðlagast nýju tímabelti og það getur tekið nokkra daga að finna jafnvægi og njóta lífsins að nýju. Vísindamenn hafa sannreynt að fimmtán prósent af genum okkar stjórnast af líffræðilegum innri tíma sem stillir sig eftir umhverfinu. Truflun á þeim, eins og með ferðalögum milli tímabelta, vaktavinnu eða jafnvel streitu, getur leitt til heilsufarsvandamála.

Einkenni þotupreytu eru mikil þreyta en samt er ómögulegt að sofna, sem býr til uppvakningsástand þar sem fólk verður utan við sig, uppstökkt og viðkvæmt. Þetta getur verið hvítleitt þegar farið er í styttri frí á framandi slóðir og jafnvel eyðilaggt dýrmæta frídaga. Almenn þykir betra að fljúga í vestur þar sem fólk græðir tíma og sumir síferðalangar sem eiga mjög erfitt með að ná sér af þotupreytu bregða á það ráð að fljúga áfram í vestur kringum hnöttinn frekar en að þurfa að fara til baka í tíma. Ýmsar ráðleggingar eru til handa ferðalögum sem lenda í tímaflakksvanda, eins og að nota náttúrulega efnið melatónín til að jafna svefninn, byrja að stilla svefninn á tíma áfangastaðarins nokkru áður en

lagt er af stað og svo framvegis. Vefsíðan jetlagrooster.com býður ferðalögum upp á ráðleggingar sem eru sérsmíðar að ferðalagi þeirra. Þá slær viðkomandi inn upphafsstað ferðarinnar og áfangastað og fær ráðleggingar um hvernig best er að haga tíma sínum svo jafnvægi komist á sem fyrst. Tímamál á áfangastað er skipt í þrennt: ljósaleit, ljósfælni og óskasvefnstundir.

Á ljósaleitartímaseiðinu er mælt með því að leita uppi birtu eins og kostur er, bæði utanhúss þegar völ er á og inni. Þá skiptir ekki máli hvort sólin skín beint eða í gegnum ský eða stóran glugga. Ef myrkur er úti á að leita uppi vel lýst svæði og jafnvel taka með sér þar til gerða ferðaljóskastara. Í fluginu sjálfu er ráðlagt að drekka vatn en forðast te, kaffi og áfengi og borða ávexti. Á ljósfælnistundum er mælt með að draga fyrir alla glugga og liggja í rúminu með svefngrímu.

Á áfangastað er einnig ráðlagt að drekka vatn, fara í sturtu og fá sér stuttan blund. Tekið skal fram að þotupreyta er mjög einstaklingsbundin og það sem virkar á einn virkar ekkert endilega á annan. Líkamsklukkur okkar eru mismunandi og tímaflakk kemur því miður verr við suma en aðra.

DR WHO Dr. Who ferðast um tímann í símaklefa með aðstoðarmönnum sínum.

BYLGJAN989 #BYLGJAN



REYKJAVÍK SÍÐDEGIS ER Í LOFTINU

ÞORGEIR, KRISTÓFER OG BRAGI OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR

VIRKA DAGA MILLI KL. 16:00 - 18:30

LÍF OG FJÖR Í STÓÐRÉTTUM

Mikil upplifun er að fara í stóðréttir. Nokkrar slíkar fara fram um helgina en þeirra frægust er Laufskálarétt í Hjaltadal. Hana sækja næstum þrjú þúsund gestir árlega. Venjulega hefst réttarhaldið að kvöldi föstudags með skemmtun í reiðhöll Svadaða. Daginn eftir er stóðið rekið til réttar úr Kolbeinsdal.

Afar skemmtilegt er að fylgjast með stóðinu renna ofan af fjallinu en ekki síður að fylgjast með bændum þegar þeir fanga hross sín og koma þeim í rétta dilka.

Gleðin er ávallt við völd í réttinni, skagfirskir tenórar þenja raddböndin og hægt er að kaupa harðfisk og aðra hressingu.

Að réttunum loknum heldur hver hrossahópur til síns heima en hrossin eru rekin í smærri hópum að nálægum bæjum. Að kvöldi dags eru haldin réttarböll, til dæmis í reiðhöll Svadaða við Sauðárkrók.

FÖSTUDAGUR:

- Unadalsrétt í Unadal við Hofsós.
- Deildardalsrétt í Deildardal í Skagafirði.

LAUGARDAGUR

- Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.



REKSTUR Gaman er að fylgjast með stóðinu renna niður af fjallinu.

- Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.
- Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.
- Laufskálarétt í Hjaltadal í Skagafirði

OFN-&GÓLFHITAKERFI

MIÐVIKUDAGUR 23. SEPTEMBER 2015

Kynningarblað

Lykillinn að þægindum CF2+ þráðlausar gólfhitastýringar frá Danfoss

Leikur einn

Þráðlausa CF2 gólfhita-
stýringin er áreiðanleg,
þægileg og afar einföld
í uppsetningu.

Þráðlausa CF2 gólfhitastýringin frá Danfoss er áreiðanleg og býður upp á fjölmarga möguleika. Kerfið er afar einfalt í uppsetningu og auðvelt í notkun.

Þráðlausa CF2 kerfið er bylting í þróun gólfhitastýringa. Það er einstaklega einfalt í uppsetningu og auðvelt í notkun, en um leið býður það upp á fjölmarga nýja og einstaka möguleika á að stjórna gólfhitakerfum.

Á móðurstöðinni eru allt að 10 útgangar fyrir ýmsar gerðir af mótrolukum. Við uppsetningu búnaðarins þarf aðeins að festa móðurstöðina á vegginn, gefa sér svo nokkrar mínútur til að tengja leiðslurnar frá lokamótornum. Síðan tengja hana við 230 V spennu. Þegar þráðlausu herbergishitastíllarnir hafa verið tengdir við móðurstöðina er kerfið tilbúið til notkunar. Tvíátta þráðlaus samskipti tryggja áreiðanlegar merkjasendingar og gera kleift að prófa allar þráðlausar tengingar við herbergishitastílla til að ganga úr skugga um að þær séu virkar.

Við mælum með því að láta fagmann setja upp búnaðinn. Einfaldleiki búnaðarins veldur því að mjög fljótlegt er að setja hann upp og stilla. Sjálfvirka greiningarkerfið sér til þess að viðhald verður leikur einn.

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss

Tæringin fer illa með ofnana

Af hverju fara ofnar að leka og hvað skal taka til bragðs þegar það gerist? Af hverju fara þeir mismikið eftir hverfum? Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara, svarar því og fleiri spurningum um ofna og gólfhitakerfi

Ofnar eru í raun framleiddir með það í huga að þeir geti dugað jafn lengi og húsið stendur,“ segir Guðmundur þegar hann er inntur eftir endingartíma ofna. Bláðamaður hváir enda þekkir hann mýrmörg dæmi um ofna sem byrja að leka og þarf að skipta um. En Guðmundur hefur skýringu á því. „Það sem er að klicka í eldri ofnum í dag er tæring. Menn eru ekki alveg sammála um hvað veldur henni en tvær skýringar eru vinsælastar. Annars vegar telja margir að tæringin sé bundin við Nesjavallavatnið frá Orkuveitunni. Orkuveitan er því ekki sammála og vill meina að tæringin orsakist af því að kalt vatn komist í heita vatnið einhvers staðar. Þar með myndist súrefni sem leiðir til tæringar,“ lýsir Guðmundur. Hann segir þó áhugavert að ofnar fari mismikið eftir því hvar í bænum þeir eru. „Við erum með jafn gamla ofna í Breiðholti og Hlíðunum en ofnar fara mun síður að leka í Hlíðunum.“

Betra að vera viðbúinn

Guðmundur segir sjaldgæft að ofn byrji að leka með látum á svipstundu. Oftar en ekki sé hægt að sjá hvenær ofnar eru orðnir lélegir. „Ef þú skoðar ofninn vel ættir þú að sjá litlar brúnar ryðbólur neðst á ofninum, brúnan taum eða upphleypta málningu. Þegar svo er komið er kominn tími á að láta fagmenn skoða málið.“

Guðmundur segir endingu ofna annars algert lotteri. Jafn gamlir ofnar af sömu tegund geti enst mjög mismunandi. „Ég var að þjónusta stóra blokk

í Breiðholti. Þar eru 63 íbúðir og ég er búinn að skipta um stóran hluta af ofnunum þar. Sumar íbúðir virðast sleppa en aðrar ekki og þá eru ákveðnir ofnar sem fara fyrir en aðrir, til dæmis aldrei þaðherbergisofnar,“ segir hann og hefur enga skýringu á.

Fyrsta skref að skrúfa fyrir

En hvað á fólk að taka til bragðs þegar ofninn gefur sig? „Í fjölbýli þarf að loka fyrir ofnlokann og stillitæð en það er þó ekki á allra færi. Oft getur orðið meiri skaði ef það er vitlaust gert. Ef lekinn er ekki því meiri ætti því bara að setja bala og handklæði undir og hafa samband við tryggingarnar. Ef vart verður við leka í sérbyli á fólk annaðhvort að loka fyrir ofninn eða loka fyrir inn við mælagrind og þar ætti allt að vera skilmerkilega merkt,“ segir Guðmundur.

Tryggt fyrir tjóni

„Flestir eru tryggðir fyrir vatnstjóni og tryggingarnar senda pípara um leið og fólk lætur víta um leka,“ segir Guðmundur. Hann bendir þó á að fólk sé aðeins tryggt fyrir því tjóni sem lekinn veldur og vinnunni við að loka fyrir ofninn en fá ekki ofninn bættan eða vinnuna við að skipta um hann.“

Hann mælir með því að fólk leiti ávallt til löggilts pípulagningameistara með ofnaskipti eða breytinga á ofnkrönum. Slíka sé að finna á www.piparinn.is.

Mikil þróun í ofnum

Guðmundur segir skemmtilega þróun í ofnabransanum. Hægt sé að fá ofna af mörgum



Guðmundur Páll segir lítið mál að skipta um ofna en það sé þó verkefni fyrir löggilta pípulagningameistara.

MYND/GVA

stærðum og gerðum og góðum gæðum. „Það eru ekki aðeins til þessir hefðbundnu ofnar heldur einnig sérsníðaðir og flottir,“ segir hann og bætir við að hitastýring ofna sé einnig mun þróaðri í dag en áður. „Nú er hægt að fá lofthitastýrða ofnloka sem taka tillit til varma sem kemur frá sólinni og öðru sem hefur áhrif á hitann í herberginu. Þannig er ekki verið að hita að óþörfu.“

Skiptir máli að raða rétt

Að ýmsu þarf að huga til að ofnar nýtist sem best. „Þú getur

verið með góðan ofn en ef þú hylur hann með þykkum síðum gardinum og húsgögnum þá kemst ekki varminn frá ofninum,“ útskýrir Guðmundur. Þá þarf einnig að skoða málin áður en ofninn er settur upp. „Það þarf að vera um tíu cm bil frá gólfi að ofninum og frá ofninum upp að gluggakistu til að mynda loftun í kringum hann svo hann geti tekið við lofti og skilað því frá sér.“

Margir kostir við gólfhita

Guðmundur er mikill fylgismaður gólfhita. „Fyrir utan

plássið sem myndast þegar ofnarnir eru farnir og gluggakistur verða óþarfar, þá verður hitadreifingin miklu jafnari,“ segir hann og bendir á að hin svokallaða ryklína sé einnig stöðugri.

„Þegar ofn er í rýminu skrifður kalt loft eftir gólfinu, ofninn kastar heita loftinu þvert yfir herbergið og þannig er rykinu kastað í hringrás og óþrífur verða meiri. Ofnæmissjúklingum líður til dæmis mun betur í gólfhitarymum en ofnarymum því loftið er heilnæmara.“

Námskeið fyrir pípulagningamenn



IDAN fræðslusetur býður upp á fjölda námskeiða fyrir pípulagningamenn.

- Afhending lagnakerfa
- Tilbúnað tengigrindur
- Stjórnbúnaður hitakerfa
- Gæðakerfi, stjórnun o.fl.
- Varmadælur
- Vatnsúðakerfi

Skráning á idan.is


Nánari upplýsingar og skráning á idan.is og í síma 590 6400.



IDAN
fræðslusetur
Sími 590 6400
www.idan.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límbar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringás ehf.

Danfoss ofnhitanemar í fararbroddi í 7 áratugi

Þægindi orkusparnaður

Með RA 2000 ofnhitastillir á ofninum er nýtingin á varma með besta móti.

Ævintýrið með Danfoss ofnlokana byrjaði 1943 og eru enn í stöðugri þróun

Grunnurinn að velgengi Danfoss var lagður árið 1943, en fjöldaframleiðsla á ofnhitastillinum hófst ekki fyrr en tæpum tíu árum síðar. Með ofnhitastillinum var komin fram ný og breytt aðferð við hitastýringu og reyndist hugmyndin vera svo góð að hún hefur verið notuð alla tíð síðan. Ástæða þessa er meðal annars kostir á borð við mikil þægindi, lítil neikvæð áhrif á umhverfið og betri nýting varmaorku.

Einn lykillinn að meira en 20 ára endingartíma ofnhitastillisins er gasfyllingin sem ólíkt öðrum fyllingum býr alltaf yfir sömu stjórnunar- og viðbragðsgetu. Má meðal annars rekja það til málmbelgsins, sem er mikil nákvæmnissmíð og gefur frábæra eiginleika og endingartíma. Þetta gerir RA 2000 ofnhitastilla með gasfyllingu að mun betri stjórnækjum en aðrar gerðir hitastilla. Þeir uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í DS 469 hitakerfestaðlin um skjót viðbrögð við breytingum á hitastigi. RA 2000 ofnhitastillirinn er eini gasfyllti ofnhitastillirinn í heiminum og skilar bestu og fljótverkustu stýringunni. Viðbragðstími annarra algengra gerða hitanema er allt að 70% lengri.

TELL - Thermostatic Efficiency Label er nýtt orkunýtnimerkingarkerfi fyrir Evrópska ofnhitanema og lokahús. RA 2000 ofnhitanemarnir frá Danfoss eru fyrstu ofnhitanemarnir á markaðnum til að fá orkunýtnimerkingu A frá TELL

RA 2000 ofnhitastillarnir eru hljóðlátustu hitastillarnir á markaðnum í dag. Við venjuleg skilyrði er hávaðastigið mörgum desíbelum lægra en á öðrum hitastillum. Auk þess gefa RA 2000 hitastillarnir hvorki frá sér óþægileg hátíðnihljóð né hljóð á lágrí tíðni.

Hægt er að takmarka hámarks og lágmarks hitastillingu.

Við bjóðum mikið úrval af lokahúsum og hitastillum fyrir ofnhitakerfi

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss



Ofnar til kælingar

Inni á Vísindavefnum má ýmsan fróðleik finna og þar á meðal svarið við því hvort hægt sé að kæla herbergi á sama hátt og það er hitað, það er að segja með því að láta kalt vatn renna gegnum ofn. Í stuttu máli er svarið „já“ en kælingin verður ekki jafnskilvirk og hitunin við venjulegar aðstæður.

Þegar heitt vatn rennur um miðstöðvarofna í húsum leitar loftið í herberginu í raun og veru upp í sama hita og vatnið hefur, sem er oft sextíu til áttatíu Celsius-stig. Hins vegar verður mikið varmatap út um loft og gólf, vegg og glugga á herberginu ef umhverfið er kaldara en herbergið eins og við eigum að venjast hér á norðurlandi. Hitinn í herberginu ákvarðast af því að þetta varmatap verður jafn mikið og varminn sem vatnið í ofnunum gefur frá sér.

Ástæðan til þess að þetta er yfirleitt ekki notað til loftkælingar þar sem hennar er þörf er sjálfsgagt meðal annars sú að kælingin er ekki mikil. Það stafar fyrst og fremst af því að vatnið er ekki miklu kaldara en loftið.



Uppröðun innbús á heimilum hefur áhrif á orkuþörf við hitun húss. Sem dæmi minnka bókahillur og veggteppi á útvegg orkutap enda dregur töluvert úr loftstreymi við kaldan útvegginn.

Fyrir kemur að húsgögnum sé stillt fast upp að ofnum en slík staðsetning truflar eðlilega hringrás loftsins um herbergið og hindrar um leið geislun frá ofninum. Auk þess nýtast ofnar illa sem lokast inni á bak við gluggatjöld þar sem gluggatjöldin draga úr varmagjöf þeirra. Þar sem ofnar eru undir gluggum er ráðlegt að láta gluggatjöldin ná ekki neðar en að gluggakistu. Það er helst í stofum og borðstofum heimila sem hættu er á slíku.

Á mörgum heimilum má finna rúllugardínur sem draga má niður að næturlagi og minnka þannig útgeislun gegnum glugga. Slíkar aðgerðir draga einnig úr loftstreymi og kælingu við glerið en um leið er jafn mikilvægt að draga frá á daginn og hleypa ókeypis hitageislum sólar inn í húsið.

Heimild: www.orkusetur.is.

Þegar veturinn nálgast og kólnar í veðri freistast fólk gjarnan til þess að þurrka þvott inni í íbúð. Hver kannast ekki við að raða rökum sokkum á alla ofna eða hengja þétt á frístandandi þvottagrind og stilla henni svo upp við ofninn í stofunni.

Það er þó ekki skynsamlegt og getur verið beinlínis heilsuspillandi, sérstaklega fyrir fólk með astma eða ofnæmi. Við freistumst nefnilega einnig til að loka gluggum þegar kólnar í veðri og því loftar minna um herbergin. Talið er að þvottur sem þurrkaður er á ofni geti hækkað rakastigið í rýminu um 30%. Aukinn raki getur orðið til þess að myglusveppur myndist sem getur haft áhrif á heilsu fólks og jafnvel valdið alvarlegum veikindum.

Í lengstu lög ætti því að forðast að þurrka þvott inni í íbúð, heldur nota þurrkara og hengja upp í þvottahúsum og þurrkherbergjum ef aðgangur er að slíku. Ef nauðsynlegt reynist að þurrka inni ætti að opna gluggana vel.



THOR
miðstöðvarofnar

hafðu það notalegt

vottun



reynsla



gæði



**OFNASMIÐJA
REYKJAVÍKUR**

Vagnhöfða 11 - 110 Reykjavík - www.ofnasmidja.is - sími 577 5177

BÍLAR & FARARTÆKI



Honda CR-V Elengance - 5/2014 - Ek 55 þús km - Bensín - Sjsk - Ásett verð 4890 þús - Er á staðnum - Raðnr 220293.



Audi Q7 4,2 Quattro - 2007 - ek 137 þús km - Bensín - Sjsk - Leður-Panoramapak - 2 nýir dekkja gangar á felgum fylgja - 7 manna- Flottur bill - Er á staðnum - Raðnr 152115.

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is



TOYOTA Land cruiser 120 vx 8 manna. Árgerð 2008, ekinn 273 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161442.



SUZUKI Swift gl 4wd . Árgerð 2013, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.190.000. Rnr.240648.



Kia Rio EX 1.4. Árgerð 2014, ekinn 11 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.750.000. Rnr.991462. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.991425.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu



AVENSIS 490.P 100% LÁN
Toyota Avensis árg 2003 bsk. ek 287.þ km ný skodaður, ný smurður, nýtt í bremsum, gott viðhald fæst á 490.þ stgr 100% vísa lán í boð. uppl 896-5290

ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR
Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílur Sími: 534-0000

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílastöðin Próttur

Vörubílar - Kranabílar Sandur - Mold Jarðvinna
Sími 577 5400

Lyftarar

BendPak

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.
Stál og Stansar ehf.
VAGNAHÖFUR 7 • Sími 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diskar og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



Viðskipti með notaða bíla er vandmeðfarin.
Er bílasalan þín hjá Bílgreinasambandinu?
Við veitum vandaða og örugga þjónustu.



STÓRA BÍLASALAN



ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningabjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja



Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuor, slátturaktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

GRÖFUPJÓNUSTA AUBERTS.

Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtgrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

tapað / fundið

Pessari kjarnaborvél var stolið!



Fundarlaun 350 þúsund.

Fundarlaun í boði. Upplýsingar í síma 840-7740 og 840-7744

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningarbjónusta. Sími 776-0000

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN?

Við þjónustum þig með litil sem stór verk. Tímavinna eða tilboð. Sími 544-4444 / 777-3600 www.jaiðnaðarmenn.is

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VSK. 562 8211

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

Haust-útsala

Hitaveituskel 1850 L.
Hitaveituskel 1650 L.
Lok á heita potta, margar stærðir.
Heitirpottar.is • S. 777 2000

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin) Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarollá. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313
leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!

129 - 280 fm bíl með allt að 10 m lofthæð, stórar innkerysluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is

S. 690 3031 / 661 7000

Til leigu 2ja h. 55 fm íbúð á Móabaráð í Hfj. Íbúðin er á 1. hæð í einbýli. Sérinnangangur. Leigist frá 1. okt n.k. uppl. í S 6964950

ÍBÚÐIR TIL LEIGU

Höfum til leigu 2ja-4 herbergja íbúðir í miðborg Reykjavíkur. Íbúðirnar eru nýlegar og vandaðar og eru í stóru fjölbýlishúsi skammt frá Borgartúni. Þeir sem áhuga hafa, vinsamlega sendið nöfn og helstu upplýsingar á netfangið leiga@namsver.is. Leigusali mun gera kröfu á meðmæli svo og bankatryggingu. Húsdýrahald er bannað í íbúðunum.

Sumarbústaðir

SUMARHÚSATEIKNING TIL SÖLU!

Falleg teikning til sölu frá virktum arkitekt 86fm gott verð s. 897 7419

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði



Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í afgreiðslu, gæti hentað vel með skóla. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

HOUSEKEEPERS

Apartment Hotel in 101 Reykjavík seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: headhousekeeper@apartmentk.is

LEITUM EFTIR DUGMIKLUM STARFSKRÖFTUM Á HJÓLBARÐASTÖÐVAR DEKKJAHALLARINNAR Á AKUREYRI OG Í REYKJAVÍK.

18 ára aldurstakmark.

Umsóknareyðublöð á dekkjahollin.is eða thorgeir@dekkjahollin.is

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

Óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhúsi. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com

NONNABITI

Starfsmenn óskast í Reykjavík. Reyklaus.

Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

SKYNDIKYNNI? SÍMASEX?
RauðaTorgið.is

908 5500 - Símasex

ÍSLENDINGAR.EU

Nýr, frjálslýndur stefnumóta- og samskiptavefur, mjög sérstakur, sérsníðinn að stefnumóta- og samskiptamenningu Íslendinga. Almenn samskipti, stefnumót, makaleit, stundargaman, swingers (makaskipti) - blogg, dagbækur, hugrenningar, stöðufærslur - vefurinn dekkar regnbogann. Líttu við. www.islendngar.eu.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Capacent Ráðningar

Með faglegum aðferðum við mat og val á milli umsækjenda, aukast líkurnar á að finna rétta einstaklinginn í starfið. Starfsfólk Capacent býr yfir áralangri þekkingu á notkun matstækja og valaðferða í ráðningarferli og til notkunar við starfsþróun innan fyrirtækja.

www.capacent.is

capacent



“Ríkisfjármálin eru að auka þenslu með skattalækkunum og útgjaldaaukningu.


ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR
FORSTÖÐUMAÐUR EFNAHAGSSVIÐS
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

að atvinnuleysi er orðið mun minna en það var þegar kreppan var hvað dýpst,” segir hann.

Gylfi bendir á að til viðbótar við stóriðjuverkefni sé fjárfesting á byggingamarkaði að aukast á ný. „Það munar líka um meiri fjárfestingu í miklu smærri verkefnum eins og íbúðarhúsnæði og jafnvel almennu atvinnuhúsnæði sem hrundi alveg eftir hrun en er búið að glæðast heilmikið undanfarin ár.“

Gylfi segist vonast til að hagþróunin verði jafnari en raunin hefur verið á Íslandi undanfarna áratugi. „En sagan segir okkur að líkurnar á því að það takist eru frekar takmarkaðar, okkur hefur eiginlega aldrei tekist það. Við höfum aldrei náð því sem kalla má agaða hagstjórn. Við höfum átt í verulegum vandræðum bæði með peningamálin og ríkisfjármálin og það er ekki bara hið opinbera sem kemur þar að.“

STÓRIÐJUÁFORM Á ÍSLANDI NÆSTU MISSERIN



*Fyrsti áfangi. 7 milljarða viðbótarfjárfesting og 50 ný störf skapast í næsta áfanga sem ráðgert er að verði árið 2018

**Virkiun á Þeistareykjum og framkvæmdir Vegagerðarinnar meðtaldar

2,6 PRÓSENT

atvinnuleysi í sumar og hefur ekki verið minna frá því í október 2008

5,2 PRÓSENT

hagvöxtur á fyrri hluta ársins og hefur ekki verið meiri frá 2007

40 PRÓSENTA


fjölgun starfa spáð í ferðaþjónustu til 2020

250 MILLJARÐA

fjárfesting í fjórum stóriðjuverkefnum

FLUTNINGALANDIÐ ÍSLAND

MÍÐVIKUDAGINN 30. SEPTEMBER - - - Í HÖRPU - - - KL. 8:30 - 15:30



Verð: 20.900 kr. - - - Skráning og nánari upplýsingar á sjavarklasinn.is og í síma 577 6200.

Stýrir fjárhagssviði Seðlabankans

Erla Guðmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fjárhagssviðs Seðlabanka Íslands. Hún er viðskiptafræðingur að mennt og hefur víða komið við í bankaheiminum. Starfaði áður hjá MP banka og Íslandsbanka.

Erla Guðmundsdóttir var á dögnum ráðin framkvæmdastjóri á fjárhagssviði Seðlabanka Íslands. Þar ber hún meðal annars ábyrgð á heildaruppgjöri bankans og er einnig með ábyrgð á öllum greiðslum bankans. Erla er viðskiptafræðingur og lauk cand. oecón.-prófi árið 2005.

„Sviðið skiptist í tvær einingar, bakvinnslu og reikningshald. Baksviðið sér um greiðslur bankans bæði innlendar og erlendar. Og einnig fyrir hönd ríkissjóðs og félög í eigu bankans,“ segir Erla. Reikningshald sér svo aftur um allar daglegar færslur og mánaðarleg uppgjör fyrir bankann og fyrir félög í eigu bankans, en það eru Eignasafn Seðlabanka Íslands og Greiðsluveitan. Starfsmenn sviðsins eru fimmtán.

Erla er ekki ókunnug fjárhagssviði bankans, en hún hefur starfað þar í fimm ár. „Ég tók við sem forstöðumaður reikningshalds og aðstoðarframkvæmdastjóri á sama ári og ég byrjaði. Og svo er ég nú bara yfir þessu öllu núna,“ segir Erla. Hún segir það hafa marga kosti að vinna hjá bankanum og vinnan þar sé mjög skemmtileg. „Maður hefur kynnst þessu samstæðuuppgjöri, einhverju sem maður bjóst ekki við þegar maður byrjaði hjá Seðlabankanum,“ segir Erla. Að auki sé mikil þekking í bankanum úr ýmsum áttum.

Áður starfaði Erla í MP-banka sem sérfræðingur í fjárhagsdeild og einnig hefur hún starfað í reikningshaldi og samstæðueiningu fjár-

“Ég er búin að fjárfesta í hesthúsi. Þannig að ég er komin hálf leið í rétta átt.

hagsdeildar Íslandsbanka. Hún segir starfið hjá Íslandsbanka hafa verið töluvert frábrugðið þar sem Íslandsbanki sé mun stærri banki og starfið þar mun afmarkaðra. „En þegar ég færði mig yfir í MP þá var það mjög skemmtilegur tími. Þá var hann fjárfestingabanki þegar hann byrjaði en ég tók svo þátt í að gera hann að viðskiptabanka. Það er miklu minni eining en þar hafði maður heildaryfirsýnina sem nýttist mér vel þegar maður kom yfir til Seðlabankans.“

Mestum tíma utan vinnu ver Erla með fjölskyldunni. „Svo reynir maður að tvinna sín áhugamál inn. Áður en ég stofnaði fjölskyldu var ég mikið í hestamennsku. Það er draumur sem á að kveikja aftur,“ segir Erla. Hún á afa sem var bóndi og fékk að fara á hestbak hjá honum þegar hún var yngri.

„Ég er búin að fjárfesta í hesthúsi. Þannig að ég er komin hálf leið í rétta átt,“ segir hún en viðurkennir að það sé mikil fjárfesting að eignast hesthús. „En eru ekki öll áhugamál dýr í dag?“ spyr hún.



Erla Guðmundsdóttir hefur gaman af hestamennsku og er búin að kaupa sér hesthús.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

★★★★★ CHICAGO TRIBUNE

★★★★★ WASHINGTON POST

★★★★★ TAMPA BAY TIMES

★★★★★ VILLAGE VOICE

★★★★★ HITFIX

★★★★★ SALON.COM

PAUL DANO
IS BRIAN WILSON



JOHN CUSACK
IS BRIAN WILSON



“PAUL DANO IS UNCANNY AS THE YOUNG BRIAN WILSON.”
—MIKE HOGAN, VANITY FAIR

“JOHN CUSACK GIVES ONE OF THE BEST PERFORMANCES OF HIS CAREER.”
—JOHN DIFORE, THE HOLLYWOOD REPORTER

LOVE & MERCY

MUSIC WAS HIS ONLY HOPE FOR SURVIVAL.

KOMIN Í BÍÓ

ALFABAKKI 

KRINGLAN 

AKUREYRI 

KEFLAVÍK 

Hlutabréf í Volkswagen falla vegna hneykslismáls:

Milljónir bíla voru með svindlbúnað

Hlutabréfaverð bílaframleiðandans Volkswagen féll um nærri 20 prósent í gær og 19 prósent á mánudaginn. Ástæðan er sú að upp komst að nokkrar tegundir Volkswagen-bíllanna eru með hugbúnað sem er hannaður til þess að blekkja yfirvöld.

Bandarísk yfirvöld komust að því að í bílunum var hugbúnaður sem veldur því að koltvísyringslosun bílsins virðist minni en hún er í rauninni. Sölu bíllanna var umsvifalaust hætt og bílaframleiðandanum var gert að innkalla hálf milljón bíla. Í gær viðurkenndu forsvarsmenn bílaframleiðandans að ellefu milljónir bíla eru með umrætt tæki. Volkswagen gæti þurft að greiða sekt sem nemur milljörðum dollara. Þá er mögulegt að framkvæmdastjórnar hjá Volkswagen sæti refsingum.

“Það verða allar upplýsingar lagðar á borðið. Við munum vinna með yfirvöldum í að upplýsa málið.

Hugbúnaðurinn fannst í nokkrum tegundum dísilbíla, meðal annars Audi A3, VW Jetta, Bjöllu, Golf og Passat. Hugbúnaðurinn gerði það að verkum að vélarnar losuðu minna kolefni í prófum en við venjulegan akstur.

Prýstingur er á Martin Winterkorn, forstjóra VW, að láta af embætti vegna málsins. Hann ætlar að vera kyrr um sinn. – sg, jhh



MARTIN WINTERKORN, FORSTJÓRI FYRIRTÆKISINS, VERÐUR KYRR Í STARFI UM SINN. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTABLAÐIÐ

TAKTU ÞÁTT Í BÍÓLEIK FRÉTTABLAÐSINS. SENDU TÖLVUPÓST Á LEIKUR@FRETTABLAÐIÐ.IS MED NAFNI, KENNITÖLU, SÍMANÚMÉRI OG NETFANGI. HEPPNIR ÞÁTTTAKENDUR FÁ MIÐA Á LOVE & MERCY

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR**
kynnir

**FRANK
SINATRA**
100 ára

Bjarni Arason
Björgvin Halldórsson
Egill Ólafsson
Helgi Björnsson
Friðrik Ómar Hjörleifsson
Jógvan Hansen
Páll Óskar Hjálmtýsson
Pálmi Gunnarsson
Ragnar Bjarnason
Valdimar Guðmundsson
Þór Breiðfjörð

Stjórnandi: Sigurður Flosason

Eldborg, Hörpu, 23. september kl. 20:00
Miðasala: harpa.is



HARPA

www.harpa.is

Atburðir síðustu daga í Reykjavík sýna að stjórnsýslan er í lamasessi:

Óboðleg aðgerð

Tímabilið 2006-2010. Þegar þrír meirihlutar störfuðu á einu kjörtímabili, var hörmungartímabil í sögu borgarstjórnar Reykjavíkur. Miðað við allt sem á gekk þau árin, má kannski segja að það hafi verið afrek hjá meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar að ná að starfa saman heilt kjörtímabil. Og nú er tæpt eitt og hálf ár liðið frá því að meirihlutasamstarf Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar hófst og hefur sá tími liðið nokkuð stóráfallalaust.

En þrátt fyrir friðartíma í Ráðhúsinu verður vart sagt að þar sé stjórnsýslan til fyrirmyndar. Þau tíðindi að borgarstjórnarmeirihlutinn hafi samþykkt tillögu Bjarkar Vilhelmsdóttur um að sniðganga vörur frá Ísrael, bendir reyndar til að öðru sé nær. Það er ekkert sérstakt heilbrigðismerki að tillögur séu samþykktar af virðingu við fráfarað borgarfulltrúa, en ekki með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi. Hvað þá ef það er gert af gamalli hefð.

Hlutverk sveitarstjórna er ekki skýrt skilgreint í sveitarstjórnarlögum. Þar segir þó í 8. grein að sveitarstjórn skuli sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélags. Svo segir að sveitarstjórnin geti ályktað um hvert það málefni sem hún telji að varði sveitarfélagið. Þessa reglu má túlka sem svo að sveitarstjórn beri að sjá til þess að skyldur sveitarfélaga á borð við rekstur leikskóla, grunnskóla eða annarrar grunnþjónustu séu ræktar. Og satt að segja virðast flest sveitarfélög og sveitastjórnir eiga fullt í fangi með að sinna verkefnum sínum án þess að öðrum sé bætt við.

Borgarstjórn hafði ekki samráð við nokkurn aðila um ákvörðun sína um sniðgönguna. Ekkert samráð var haft við utanríkisráðherra, sem sannarlega ber ábyrgð á framkvæmd utanríkisstefnunnar. Og það má alveg taka undir með Pétri Dam Leifssyni, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, sem segir að ákvörðun borgarstjórnar vekir spurningar um samstarf ríkis og sveitarfélaga. „Það kunna þá undir vissum kringumstæðum að vakna spurningar um það hvort ríkinu finnist sveitarfélagið mögulega vera að feta brautir sem nálgaast valdmörk ríkis og sveitarfélaga,“ sagði Pétur í samtali við Fréttablaðið.

Borgarfulltrúar höfðu heldur ekkert samráð haft við aðila úr atvinnulífinu, sem hugsanlega kynnu að bera skaða af ákvörðuninni. Skaðinn virðist nú vera orðinn staðreynd, hvort sem hann er langvarandi eða einungis til skamms tíma. Framleiðendur greina frá því að vörur þeirra hafi verið teknar úr hillum erlendis og ferðaþjónustufyrirtæki greina frá því að ferðir hingað til lands hafi verið afbokaðar.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra lýsti áhyggjum sínum af því að ákvörðun borgarstjórnar kynni að brjóta í bága við lög um opinber innkaup fyrirtækja. En í 7. grein laganna, sem er nokkuð skýr, segir: „Gæta skal jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup. Óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum.“

Með allt fyrrgreint til hliðsjónar verður vart komist að annarri niðurstöðu en að ákvörðun borgarstjórnar um að sniðganga ísraelskar vörur hafi fyrst og fremst borið vott um arfaslaka stjórnsýslu. Borgarstjórnir hafa reyndar viðurkennt að málið hafi verið illa útfært og dregið tillöguna til baka. Ein leiðin til að bera ábyrgð á mistökunum er að læra af þeim. Sinna betur þeim verkefnum sem undir borgina heyra, en láta aðra um utanríkismálin.

Hin hliðin

Þóris Lóa Þórhallsdóttir



Stemming í þjóðfélaginu er skemmtileg skepna. Á sumrin skottumst við um í lopapeysum á ættarmótum með miðnæturglampu í augum. Haustið kemur svo með sínum fallegu litbrigðum. Allir í bátana er stemmingin þá, borgarbúar komnir á sinn stað, skólar byrjaðir, og fé sótt á fjöll. Ábyrgð og framkvæmdaglegði svífur yfir vötnum.

Félag kvenna í atvinnulífinu finnur fyrir góðri stemmingu í samfélaginu fyrir því að láta til sín taka og hafa áhrif. Það verkefni sem á hug okkar þessi misserin er að auka ásjáð kvenna í fjölmiðlum. Verkefnið hófst haustið 2013 með því að Creditinfo tók saman tölur þar sem greining var

gerð á viðmælendum í ljósvakamiðlum frá febrúar 2009 til ágúst 2013. Niðurstaðan var sláandi en virðist samt ekki hafa komið neinum á óvart. Konur voru einn þriðji af viðmælendum ljósvakamiðlanna. Á þessu sannast eins og oft áður að staðreyndin er oft önnur en tilfinningin.

Fjölmiðlaverkefnið FKA er fyrst og síðast samstarfsverkefni sem hefur þrjá snertifleti.

Með stjórnendum fjölmiðla að því að auka vægi fjölbreytileika á ritstjórnunum og í stjórnendahópnum. Ásamt því að skapa menningu og stemmingu fyrir því að konur og karlar með ólíkan bakgrunn haldist í störfum

innan fjölmiðla. Búinn til vettvangur á www.fka.is þar sem fjölmiðlafólk getur fundið nýja viðmælendur á svipstundu. Nú þegar eru yfir 300 konur inni á vef FKA sem segja JÁ við fjölmiðla. Verum konur til verksins hefur verið áhersla í innra starfi félagsins með því að vinna að því að þjálfar og efla konur í atvinnulífi í að koma fram í fjölmiðlum.

Við finnum fyrir góðri stemmingu með nýjum áherslum á að auka ásjáð kvenna í fjölmiðlum. Fjölmiðlahópur FKA hóf tilraunaverkefni með sjónvarpsstöðinni Hringbraut sl. vor þar sem Hulda Bjarnadóttir stýrði viðskiptaþættinum Hringtorg. Niðurstað-

an var að ekkert mál var að fá konur í þáttinn og þegar upp var staðið voru kvenkyns viðmælendur 20 á móti 16 körlum, allt einstaklingar úr framvarðasveit íslensk atvinnulífs.

Einnig eru dæmi um gríðarlegar breytingar innan fjölmiðla hvað varðar stjórnendur og áherslur ritstjórna. Í nóvember nk. verður morgunráðstefna m.a. í samvinnu við 356 miðla, RÚV og Hringbraut þar sem farið verður yfir hver staðan er, hvað hefur breyst, hvernig gengur og hvernig við getum bætt stöðuna.

Það er greinileg stemming fyrir því hafa áhrif og taka þátt í að breyta samfélaginu.

Alþjóðaskólinn hlaut hæsta styrkinn



FRÆÐIMENN Í BLÓMA Úthlutað var úr Rannsóknasjóði Viðskiptaráðs Íslands á föstudaginn. Alls var 6,5 milljónum króna úthlutað til fjögurra ólíkra verkefna. Hæsta styrkinn hlaut Alþjóðaskólinn, sem vinnur að því að koma á fót námsframboði fyrir 8.-10 bekk grunnskóla, en nú býður skólinn nám fyrir yngri börn. Að auki hlutu Gyflí Ólafsson, Pröstur Ólaf Sigurjónsson og Birna Dröfn Birgisdóttir styrk.

Sæstrengur – eru allir í jarðsambandi?



Þorvarður Goði Valdimarsson viðskiptafræðingur og formaður í stjórn hagsmunafélagsins Auðlindir okkar allra

Umfangsmikil rannsókn á sjávarbotninum milli Íslands og Bretlands hefur staðið yfir í sumar vegna fyrirhugaðrar lagningar á raforkusæstreng milli landanna. Atlantic Superconnection(ASC) stendur að baki sæstrengsverkefninu og fjármagnar rannsóknina. Orkustofnun gaf út leyfi fyrir rannsókninni en áætlaður kostnaður fæst ekki upp gefinn.

Árlegur fjármagnskostnaður yfir 100 milljörðum?

Samkvæmt ASC er áætlaður fjárfestingarkostnaður yfir fjórum milljörðum breskra punda, eða nálægt 830 milljörðum íslenskra króna. Lítið hefur verið fjallað um fjármagnskostnað líktrar fjárfestingar. Spurningar hljóta því að vakna um hvernig standi á bak við hana og hvernig staðið verði að fjármögnun.

Fjárfestirinn Edmund Truell er í forsvari fyrir vognarsjóðnum Disruptive Capital sem á ASC-verkefnið ICE-Link. Í breskum fjölmiðlum hefur hann talað um að Íslendingar eigi gríðarlega mikla ónýtta orku, og að ætlun ASC sé að leggja 1.000 km sæstreng milli Íslands og Bretlands til að sjá um tveimur milljónum breskra heimila fyrir

umhverfisvænni orku. Truell stofnaði ásamt bróður sínum the Pension Corporation árið 2006 í því skyni að sameina 30-40.000 lífeyrissjóði í tvo til þrjá stóra, þar sem fjárfest yrði í innviðum og uppbyggingu samfélaga. Í viðtali árið 2010, talaði hann um litlar arðsemiskröfur lífeyrissjóða, 2% í langtímaverkefnum. Fyrirtæki hans, Disruptive Capital, nær hins vegar nálægt 30% ársávöxtum samkvæmt heimasíðu félagsins.

Að gefinni 10-15% arðsemiskröfu á 830 milljarða króna verkefni, fást 83 til 125 milljarðar í ársvexti. Auðvitað væri stórkostlegt fyrir breska lífeyrissjóði að geta fjárfest í svo gjöfulu tækifæri til frambúðar. Þannig fengju tvær milljónir breskra heimila áætlaðar 5 TWst af grænni orku frá Íslandi, niðurgreiddar af breskum stjórnvöldum og með ábyrgri afhendingu frá Landsvirkjun og íslensku þjóðinni.

Stórar spurningar

Gagnvart Landsvirkjun er líka dregin upp glæsmynd. Verð í Bretlandi sé svo gott að Landsvirkjun geti selt raforku þangað eint með miklum hagnaði. Best sé að nýta umframorku. Talsmenn Landsvirkjunar hafa tekið undir þessi sjónarmið og talað um stórkostlegt viðskipta-tækifæri. Vandinn er hins vegar þessi:

- Þessi umframorka er ekki til í íslenska raforkukerfinu.
- Til þess að orkan fái niður-

greidd af breskum stjórnvöldum, verður hún lögum samkvæmt að koma frá nýjum virkjunum sem jafngilda allt að tveimur Kárahnjúkavirkjunum. Tölum ekki um flutningstap upp á eina Búðarhálsvirkjun.

- Verð á flutningi raforku, eingöngu til að borga vexti fjárfestingarinnar, er um 125 dalir á MWst, miðað við fulla nýtingu sæstrengsins.

- Er breska ríkið tilbúið til að taka þátt í niðurgreiðslum á orkunni næstu 20-35 árin meðan fjárfesting lífeyrissjóðanna borgar sig til baka og verð á grænni orku fer lækkandi í Evrópu? Til þess þarf að breyta breskum lögum, samhliða því að fjármagn til niðurgreiðslu grænnar orku er uppuríð 2018.

- Hvað gerist ef sæstrengurinn bilar á regindýpi á úfnu Norður-Atlantshafi? Viðgerð á helmingi styttri streng á helmingi minna dýpi milli Noregs og Hollands tekur um 60 daga.

Landsvirkjun hefur gaumgæft sæstrengsverkefnið frá 2009. Er ekki tímabært að fyrirtækið birti einhverjar niðurstöður um svo stórbrotið verkefni? Fá breskir lífeyrissjóðir sömu upplýsingar og eru í umræðunni hérlandis um sæstrenginn? Er Ed Truell, Disruptive Capital og Atlantic SuperConnection mögulega að tryggja sér veglega miðlunarþóknun fyrir vandræði sem við Íslendingar þurfum að lifa með næstu áratugina?

Er ekki stemming fyrir því?

Vondir réttshafar og háværir Píratar



Hallgrímur Kristjánsson
sjómáformaður Félags
réttshafa í sjónvarps- og
kvikmyndaiðnaði

Nýlega lýstu nokkur höfundar-
réttarsamtök því yfir að þau
höfðu náð samkomulagi við fjar-
skiptafyrirtækin um framkvæmd
á lögbanni sem héraðsdómur
hafði dæmt réttshöfum í vil gegn
ólöglegum skráaskiptasíðum. Hér
er fyrst og fremst um samkomu-
lag að ræða um hvernig ber að
túlka úrskurdómstóla, en ekki
að aðilar séu að taka sér alræðis-
vald án dómstóla (sem talsmenn
Pírata héldu fram, án þess að
hafa séð samkomulagið).

Í kjölfarið upphófst umræða
í fjölmiðlum þar sem tæknisér-
fræðingar kepptust um að segja
frá því hvernig mætti fara á bak
við þessa lokun og þingmenn
Pírata stukkðu á vinsældavagninn
og bentu á að svona lokanir væru
ekki æskilegar í netheimum, þar
sem verið væri að raska netfrelsi.

Fáir virðast tala um málefni
réttshafa og hversu mikilvægur
höfundaréttur þeirra er –
kannski af ótta við „bloggtröllin“
sem sumum þykir sjálfsagt að fá
hlutina frítt. Oft vill því umræð-
an snúast um hvað réttshafar séu
vondir að vilja leita leiða til að
verja sinn lögbundna rétt og nán-
ast tekinn upp hanskin fyrir þá
sem vilja halda úti þessum deili-
síðum sem innihalda m.a. íslenskt
efni.

Við erum lítið samfélag en
samt eru hér þúsundir aðila sem
byggja lífsviðurværi sitt á höf-
undarétti. Hér eru líka fyrir-
tæki sem leggja mikinn metnað í
það að halda úti öflugum afþrey-
ingarmiðlum með sjónvarpsefni

og kvikmyndum. Sjónvarpsstöð-
arnar og kvikmyndahúsageir-
inn skapa hér yfir 1.000 störf
og borga milljarða inn í samfé-
lagið á hverju ári í formi skatta
og gjalda. Á þeim liggja ýmsar
kvaðir. Þau þurfa skv. íslensk-
um lögum að texta og/eða tal-
setja allt sitt efni (til að vernda
íslenska menningu og tungu) og
lúta lögum um kvikmyndaskoð-
un, til að börn sjái ekki óæski-
legt efni.

Netflix er oft nefnd í umræð-
unni sem fyrirmynd nýrra við-
skiptamóðela. Íslensk fyrirtæki
geta ekki keppt við Netflix um
vöruúrval og verð. Til þess erum
við of lítil og skattaumhverfi of
óhagstætt (þess ber að geta að
Netflix borgar hér engan skatt).
Hins vegar hafa afþreyingar-
fyrirtæki lagt sig mikið fram
undanfarið við að breyta sínum
viðskiptamódelum í takt við
þarfir viðskiptavina sína. Þau
hafa sett aukinn kraft í fram-
leiðslu á íslensku efni og nú geta
viðskiptavinir nálgast sitt efni á
þeim tíma og með þeim tækjum
sem þeir vilja. Hægt er að kaupa
aðgang að ýmissi þjónustu sem
byggir á sama viðskiptamó-
deli og Netflix (svokölluð sVOD-
þjónusta). Þá geta viðskiptavin-
ir einnig leigt myndir eða keypt
úr stofunni heima, hvort sem er í
gegnum netið eða sjónvarpið. Þá
eru a.m.k. fjórar tónlistarveitur
starfandi á markaðinum ásamt
töluvert fleiri nýjungum sem hafa
komið fram á síðustu árum.

Þetta eru viðbrögð markað-
arins við breyttu landslagi og
kröfum viðskiptavina um ný við-
skiptamódel og þar með hafa
íslensk afþreyingarfyrirtæki
lækkað þröskuldinn fyrir neyt-
andann til að nálgast löglegt efni
með þeim hætti sem neytand-
inn kys. Það er hins vegar erfitt



Greinarhöfundur biður Pírata um lausnir í stað þess að gagnrýna markaðinn.

Netflix er oft nefnd í umræðunni sem fyrirmynd nýrra viðskiptamóðela. Íslensk fyrirtæki geta ekki keppt við Netflix um vöruúrval og verð.

að keppa við ókeypis efni og því
eiga þessi sömu afþreyingarfyrir-
tæki rétt á því að reyna að hækka
þröskuldinn fyrir þá aðila sem
ætla sér að sækja efni ólöglega og
ókeypis, með von um að þeir velji
heldur löglegar leiðir. Lögbann af
þessu tagi er ein af þeim leiðum
sem hækka þröskuldinn en mun
að sjálfsögðu aldrei koma í veg
fyrir að þeir sem hafa einbeittan
brotavilja geti sótt sér efni eftir
ólöglegum leiðum.

Það fer enginn í kostnaðarsam-
ar lögbannsaðgerðir að gamni
sínu. Ég er sannfærður um að
réttshafar myndu glaðir vilja fara
aðra og betri leið ef hún væri

til. Píratar eru vinsæll stjórn-
málaflokkur um þessar mundir
enda margt gott í þeirra stefnu-
skrá. Það væri hins vegar ósk-
andi að þeir (og aðrir á Alþingi)
kæmu með hugmyndir að laus-
um á þessum hvímléiða vanda, en
ekki einungis gagnrýna markað-
inn fyrir að reyna að verja sig á
meðan hann þróast í takt við þarf-
ir neytenda. Það er jú Alþingi sem
setur leikreglurnar.

Netflix og torrent-síður skila
0 kr. inn í þjóðfélagið. Íslenskur,
löglegur afþreyingarmarkaður
skilar milljörðum og viðheldur
íslenskri menningu. Með hvoru
líðinu eigum við að halda?

Mest seldu sendibílar Evrópu

› Gríðarsterk sendibílalína Ford

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árin 2013 og 2014. Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford Transit enda mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár.

Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjafloata.

Eigum 18 sæta Transit rútur ásamt Transit sendibílum til afhendingar strax.

FORD TRANSIT CONNECT

FRÁ **2.379.032 KR.** ÁN VSK

FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD TRANSIT CUSTOM

FRÁ **3.491.935 KR.** ÁN VSK

FÁANLEGUR 9 SÆTA

FORD TRANSIT VAN

FRÁ **4.431.452 KR.** ÁN VSK

FÁANLEGUR AWD

ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík | Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 | Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 | Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hó. beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO₂ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 m/vsk. Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hó. beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO₂ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 m/vsk. Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hó. 6 gíra beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO₂ losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 m/vsk. Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hó. 6 gíra beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. CO₂ losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 m/vsk. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

9,4 milljarðar nýttir

Fjárfest erlendis fyrir milljarða

Á tveimur mánuðum hefur Seðlabankinn veitt þeim lífeyrissjóðum sem sótt hafa um undanþágu til að fjárfesta erlendis heimild sem nemur tæpum 9,4 milljörðum króna, en árleg heimild nemur 10 milljörðum. Samanlagðri fjárfestingarheimild hefur verið skipt á milli lífeyrissjóðanna með þeim hætti að annars vegar hefur verið horft til stærðar, 70% vægi, og hins vegar til hreins innstreymis, 30% vægi.

21.09.2015 „Viðbrögð við samþykkt borgarinnar voru meiri en þegar Ísland lýsti yfir stuðningi við sjálfstæða Palestínu, sem varð heimsfrétt. Við vissum að það yrðu viðbrögð en þau hafa verið meiri en við hjuggumst við. Sér í lagi vegna þess að samþykktin er gerð í kjölfar ákvarðana annarra borga, svo sem Kaupmannahafnar og Árósa.“

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



7,7% hækkun Kaupmáttur að aukast

Launavísitala í ágúst 2015 var 524,7 stig og hækkaði um 0,3 prósent frá fyrri mánuði, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,7 prósent. Vísitala kaupmáttar launa í ágúst var 124,5 stig og lækkaði um 0,2 prósent frá fyrri mánuði. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 5,4 prósent.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Hugsanavilla Píratans

Píratar eru langstærsti stjórnmálaflokkur landsins samkvæmt skoðanakönnunum.

Ekki er því óeðlilegt að stefnumál þeirra sæti nákvæmari skoðun en ella. Í sumum tilvikum hafa sneiðar í þeirra átt verið ósanngjarnar. Ávirðingar um slæga mætingu fjögurra manna þingflokks á nefndarfundi voru augljóslega af þeim meiði.

Í öðrum tilvikum á hins vegar gagnrýni fullan rétt á sér.

Píratar hafa á stefnuskrá sinni að „endurskoða höfundarétt“. Nánari útfærsla er nokkuð á reiki, en er þó lýst í sjö tiltölulega almennum punktum. Látum vera að fara ofan í kjöllinn á þeim hér, enda ómögulegt að leggja fólki orð í munn með túlkun almennra hugtaka.

Píratar segjast í stefnuskránni ekki vera á móti höfundarétti, hins vegar sé hættan sú að ef framfylgja eigi honum á internetinu verði vegið gróflaga að réttindum borgaranna. Það sé ólíkandi að fjárhagsmunir séu látnir „trompa borgararéttindi og frjáls samskipti“.

Nú liggur í hlutarins eðli að öll löggæsla felur í sér skerðingu á réttindum borgaranna. Að þjófur sé dæmdur til fangelsisvistar er augljóst dæmi um að „fjárhagsmunir trompi borgararéttindi“ svo gripið sé til orðfæris Pírata.

Í síðustu viku bárust tíðindi af því að réttshafasamtök hefðu náð samkomulagi við fjarskiptafyrirtækin um að loka tilteknum skráarskiptisíðum sjálfvirkt (án þess að til sérstaks lögbanns kæmi) óháð því undir hvaða lénum síðurnar birtast.

Í kjölfarið hefur Helgi Hrafn Gunnarsson, kaftinn Pírata, farið mikinn og meðal annars staðið í ritdeilu við Egil Helgason. Helgi segir meðal annars að aðferðir á borð við þá ofangreindu sem ætlað er að koma í veg fyrir höfundaréttarbrot séu ómögulegar og „gangi ekki svo langt að hindra menn í að komast fram hjá þeim með einföldum hætti“.

Þetta er furðuleg röksemdafærsla. Hefur bann við þjófnaði í hegningarlögum þá algerlega mistekist þar sem ekki hefur tekist að útrýma þjófnaði með öllu?

Vitaskuld ekki. Lagaboð og -bönn eru alltaf gölluð, og laga grein ein og sér getur ekki útrýmt slæmu hátterni. Lagasetning sendir hins vegar skilaboð út í samfélagið um að tiltekin háttsemi sé óæskileg og hefur fælingarmátt.

Með því að gera lítið úr lögum um höfundarétt eru Helgi og Píratar að vega að atvinnufrelsi og aflahæfi listamanna, og grafa undan fyrirtækjum í landinu sem starfa eftir settum leikreglum.

Það er ábyrgðarhluti hjá annars efnilegum þingmanni.

Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA!



MIDASALA
HEFST Á MORGUN
KL. 10 Á TIX!

SÉRSTAKIR GESTIR
GUNNAR ÞÓRDARSON
ÞÓRIR BALDURSSON
BARNABÖRN RÚNARS

HÁSKÓLABÍÓ
31. OKTÓBER

RÚNAR 70 JÚL

SVEITAPILTSINS DRAUMUR

EYÞÓR INGI • MAGNI • VALDIMAR • SALKKA SÓL

SÖGUMAÐUR BALDUR ÞÓRIR GUÐMUNDSSON TROMMUR JÚLÍUS FREYR GUÐMUNDSSON

BASSI INGI BJÖRN INGASON GÍTARAR TRYGGVI HUBNER - BIRKIR RAFN GÍSLASON - BJÖRGVIN ÍVAR BALDURSSON

BAKRÖDD LILJA BJÖRK RUNÓLFSDÓTTIR MYNDSKREYTINGAR DAVÍÐ ÖRN ÓSKARSSON

ORGEL OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN JÓN ÓLAFSSON

tilkynningar

Drög að tillögu að matsáætlun

Fjarðabyggð hefur ákveðið að hefja undirbúning mats á umhverfisáhrifum ofanflóðavarna í Norðfirði, undir Nes- og Bakkagiljum annars vegar og Urðarbotni og Sniðgili hins vegar. Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015, en framkvæmdirnar eru matsskyldar samkvæmt tölulíð 2.01 í 1. viðauka laganna.

Mati á umhverfisáhrifum er ætlað að kanna nánar umhverfisáhrif varnarvirkjanna og leggja mat á kosti um hönnun og útfærslur varnarvirkjanna. Um tvö aðskilin verkefni er að ræða en mat á umhverfisáhrifum beggja varnarvirkjanna verða unnin samhliða.

EFLA verkfræðistofa vinnur að mati á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is, og EFLU verkfræðistofu, www.efla.is.

Athugasemdafrestur er frá 23. september til 7. október 2015. Allir hafa rétt til að kynna sér drögin að tillögunum og leggja fram athugasemdir. Að auglýsingatíma loknum verða drögin, ásamt þeim athugasemdum sem berast, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

Hægt er að koma ábendingum eða athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Ólafs Árnasonar hjá verkfræðistofunni EFLU eigi síðar en 7. október 2015. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti á netfangið olafur.arnason@efla.is eða skriflega á heimilisfangið Höfðabakki 9, 110 Reykjavík merkt „Ofanflóðavarnir á Norðfirði, Nes- og Bakkagil. Mat á umhverfisáhrifum“ og/eða „Ofanflóðavarnir á Norðfirði, Urðarbotn og Sniðgil. Mat á umhverfisáhrifum“.



fasteignir

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Porláksgesli 86 - Endaraðhús

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45

Mjög fallegt, vandað og vel skipulagt 185,7 fm. endaraðhús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað.

Innbyggður bílskúr er 29,7 fm. að stærð og er hluti af stærð hússins. Þjört stofa með mikilli lofthæð. Þrjú herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi.

